

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/858**

frá 30. maí 2022

**um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að tryggja að löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu sé viðeigandi fyrir stafræna öld og stuðli að framtíðarmiðuðu hagkerfi sem virkar fyrir borgarana, þ.m.t. með því að auðvelda notkun á nýsköpunartækni. Sambandið hefur grundvallarhagsmuni af því að kanna, þróa og stuðla að upptöku á umbreytandi tækni í fjármálagæiranum, þar með talið upptöku á dreifðri færsluskrártækni. Síndareignir (e. *crypto-assets*) eru ein helsta nýtingarleið dreifðrar færsluskrártækni í fjármálagæiranum.
- 2) Flestar síndareignir falla utan lagasviðs Sambandsins um fjármálaþjónustu og skapa áskoranir, m.a. að því er varðar fjárfestavernd, heilleika markaðar, orkunotkun og fjármálastöðugleika. Þess háttar síndareignir krefjast því sérstaks regluramma á vettvangi Sambandsins. Á hinn bóginn teljast aðrar síndareignir vera fjármálagæringar í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(4)</sup>. Að því marki sem síndareignir teljast vera fjármálagæringar samkvæmt þeirri tilskipun gildir heildarlöggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, þ.m.t. reglugerðir (ESB) nr. 236/2012 <sup>(5)</sup>,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 244, 22.6. 2021, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 155, 30.4. 2021, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 24. mars 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 12. apríl 2022.

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagæringa og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

(ESB) nr. 596/2014 <sup>(6)</sup>, (ESB) nr. 909/2014 <sup>(7)</sup> og (ESB) 2017/1129 <sup>(8)</sup> og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB <sup>(9)</sup> og 2013/50/ESB <sup>(10)</sup> hugsanlega um útgefendur slíkra sýndareigna og fyrirtæki sem stunda starfsemi sem tengist slíkum sýndareignum.

- 3) Þess er vænst að svokölluð „tökun“ (e. *tokenisation*) fjármálagerninga, þ.e. stafræn framsetning fjármálagerninga í dreifðum færsluskrám eða útgáfa hefðbundinna eignaflokka á tókuðu formi (e. *in tokenised form*) til að hægt sé að gefa þá út, geyma og flytja í dreifða færsluskrá, muni opna fyrir tækifæri til aukinnar skilvirkni að því er varðar viðskipta- og eftirviðskiptaferli. Þar sem grundvallarleit að jafnvægi milli útlánaáhættu og seljanleika er enn til staðar í tókuðum heimi mun velgengni kerfa sem byggja á tókum þó fara eftir því hversu vel þau eiga samskipti við hefðbundin reikningsmiðuð kerfi, a.m.k. til bráðabirgða.
- 4) Löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu var ekki mótuð með dreifða færsluskrártækni og sýndareignir í huga og felur í sér ákvæði sem koma hugsanlega í veg fyrir eða takmarka notkun dreifðrar færsluskrártækni við útgáfu, viðskipti með og uppgjör á sýndareignum sem teljast vera fjármálagerningar. Sem stendur er einnig skortur á innviðum fjármálamarkaða sem hafa starfsleyfi og nota dreifða færsluskrártækni til að veita viðskipta- eða uppgjörþjónustu, eða sambland slíkrar þjónustu, vegna sýndareigna sem teljast vera fjármálagerningar. Þróun eftirmarkaðar fyrir slíkar sýndareignir gæti haft margþættan ávinning í för með sér, s.s. aukna skilvirkni, gagnsæi og samkeppni í tengslum við viðskipta- og uppgjörstarfsemi.
- 5) Jafnframt eru eyður í löggjöfinni vegna lagalegra, tæknilegra og rekstrarlegra sérkenna sem tengjast notkun á dreifðri færsluskrártækni og sýndareignum sem teljast vera fjármálagerningar. Til dæmis eru engar kröfur um gagnsæi, áreiðanleika eða öryggi gerðar til þeirra samskiptareglna og „snjallsamninga“ sem liggja að baki sýndareignum sem teljast vera fjármálagerningar. Sú tækni sem liggur til grundvallar gæti einnig skapað nýja áhættu sem gildandi reglur taka ekki nægilega vel á. Þónokkur verkefni um viðskipti með sýndareignir sem teljast vera fjármálagerningar og tengda þjónustu og starfsemi við eftirviðskipti hafa verið þróuð í Sambandinu en fá þeirra eru komin í gang og þau sem komin eru í gang eru takmörkuð að umfangi. Enn fremur, eins og ráðgjafahópur Seðlabanka Evrópu um markaðsinnviði fyrir verðbréf og veðtryggingar og ráðgjafarhópur hans um markaðsinnviði fyrir greiðslur leggja áherslu á myndi notkun á dreifðri færsluskrártækni hafa í för með sér áþekkar áskoranir og þær sem hefðbundin tækni stendur frammi fyrir, s.s. uppskiptingar- og samvirknivandamál, og gæti hugsanlega einnig skapað ný vandamál, t.d. með tilliti til lögmæti tóka (e. *tokens*). Í ljósi takmarkaðrar reynslu af viðskiptum með sýndareignir sem uppfylla skilyrði fjármálagerninga og tengdri þjónustu og starfsemi við eftirviðskipti er sem stendur ótímabært að breyta verulega löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu til að gera fulla nýtingu slíkra sýndareigna og undirliggjandi tækni þeirra mögulega. Jafnframt takmarkast gerð innviða fjármálamarkaða fyrir sýndareignir, sem teljast fjármálagerningar, eins og sakir standa af kröfum sem eru innbyggðar í löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu og henta ekki vel fyrir sýndareignir sem teljast fjármálagerningar eða notkun á dreifðri færsluskrártækni. Til dæmis veita vettvangar fyrir viðskipti með sýndareignir yfirleitt beinan aðgang að almennum fjárfestum en hefðbundnir viðskiptavettvangar veita almennum fjárfestum yfirleitt aðeins aðgang í gegnum fjármálamilliliði.

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtið. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtið. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/50/ESB frá 22. október 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB um nákvæmar reglur til framkvæmdar tilteknum ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB (Stjtið. EB L 294, 6.11.2013, bls. 13).

- 6) Til að gera þróun sýndareigna, sem teljast vera fjármálagerningar, og þróun á dreifðri færsluskrártækni mögulega og viðhalda um leið öflugri fjárfestavernd, heilleika markaðar, fjármálastöðugleika og gagnsæi og komast hjá eftirlitshögnun og smugum, væri gagnlegt að búa til tilraunaregluverk fyrir markaðsinnviði sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni til að prófa slíka DFT-markaðsinnviði („tilraunaregluverkið“). Í tilraunaregluverkinu ætti að gera ráð fyrir að tilteknir DFT-markaðsinnviðir verði tímabundið undanþegnir sumum sértækum kröfum í löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, sem gætu annars komið í veg fyrir að rekstraraðilar þrói lausnir fyrir sölu og uppgjör viðskipta með sýndareignir sem teljast fjármálagerningar, án þess að veikja gildandi kröfur eða verndarráðstafanir sem gilda um hefðbundna markaðsinnviði. DFT-markaðsinnviðir og rekstraraðilar þeirra ættu að hafa fullnægjandi verndarráðstafanir í tengslum við notkun dreifðrar færsluskrártækni til að tryggja skilvirka fjárfestavernd, þ.m.t. skýrt skilgreindar ábyrgðarkeðjur gagnvart viðskiptavinum vegna hvers kyns taps af völdum rekstrarbilunar. Tilraunaregluverkið ætti einnig að gera Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup> (ESMA), og lögbærum yfirvöldum kleift að draga lærdóm af tilraunaregluverkinu og öðlast reynslu af tækifærum og sértækri áhættu í tengslum við sýndareignir, sem geta talist fjármálagerningar, og undirbyggjandi tækni þeirra. Sú reynsla sem fæst með tilraunaregluverkinu ætti að hjálpa til við að tilgreina mögulegar hagnýtar tillögur að hentugum regluramma til að gera markvissar breytingar á lögum Sambandsins að því er varðar útgáfu, vörslu og stýringu eigna, viðskipti og uppgjör DFT-fjármálagerninga.
- 7) Til að uppfylla markmið tilraunaregluverksins ætti að stofna nýja lagalega stöðu DFT-markaðsinnviða innan Sambandsins til að tryggja að Sambandið geti gegnt forystuhlutverki að því er varðar gerninga á tókuðu formi og til að stuðla að þróun eftirmarkaðar fyrir slíkar eignir. Staða sem DFT-markaðsinnviðir ætti að vera valkvæð og ætti ekki að koma í veg fyrir að innviðir fjármálamarkaða, s.s. viðskiptavettvangar, verðbréfamiðstöðvar og miðlægir mótaðilar, þrói þjónustu og starfsemi fyrir viðskipti og eftirviðskipti með sýndareignir sem teljast fjármálagerningar, eða byggjast á dreifðri færsluskrártækni, samkvæmt gildandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu.
- 8) DFT-markaðsinnviðir ættu aðeins að taka til viðskipta eða skrá DFT-fjármálagerninga í dreifða færsluskrá. DFT-fjármálagerningar ættu að vera sýndareignir sem teljast vera fjármálagerningar og eru gefnir út, yfirfærðir og geymdir í dreifðri færsluskrá.
- 9) Löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu er ætlað að vera hlutlaus að því er varðar notkun á tiltekinni tækni umfram aðra. Því ber að forðast að vísa til sérstakrar gerðar af dreifðri færsluskrártækni. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu að tryggja að þeir geti uppfyllt allar gildandi kröfur, án tillits til þess hvaða tækni er notuð.
- 10) Við beitingu þessarar reglugerðar ætti að taka tillit til meginreglna um tæknihlutleysi, meðalhóf, jöfn samkeppnisskilyrði og „sömu starfsemi, sömu áhættu, sömu reglur“ til að tryggja að markaðsaðilar hafi rými innan laganna til nýsköpunar, til að viðhalda gildum um gagnsæi, sanngirni, stöðugleika, fjárfestavernd, ábyrgð og heilleika markaðarins og til að tryggja vernd einkalífs og persónuupplýsinga eins og tryggt er með 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 11) Aðgangur að umgjörð tilraunaregluverksins ætti ekki að takmarkast við fyrirtæki sem fyrir eru á markaði, heldur ætti hann einnig að vera opin nýjum aðilum. Eining sem hefur ekki starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 eða tilskipun 2014/65/ESB gæti sótt um starfsleyfi samkvæmt þeirri reglugerð eða þeirri tilskipun, eftir því sem við á, og samtímis um sértækt leyfi samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum tilvikum ætti lögbært yfirvald ekki að meta hvort slíkur aðili uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða tilskipunar 2014/65/ESB sem óskað hefur verið eftir undanþágu frá samkvæmt þessari reglugerð. Slíkir aðilar ættu aðeins að geta rekið DFT-markaðsinnviði í samræmi við þessa reglugerð og afturkalla ætti starfsleyfi þeirra þegar sértæka leyfið er runnið út, nema aðilarnir leggi fram fullgerða beiðni um starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. nr. 909/2014 eða samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 12) Hugtakið um DFT-markaðsinnviði nær yfir DFT-markaðstorg fjármálagerninga, DFT-uppgjörskerfi og DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi. DFT-markaðsinnviðir ættu að geta starfað með öðrum markaðsaðilum til að prófa nýsköpunarlausnir sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni á mismunandi sviðum í virðiskeðju fjármálaþjónustu.
- 13) DFT-markaðstorg fjármálagerninga ætti að vera markaðstorg fjármálagerninga sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar rekur, sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og hefur fengið sértækt leyfi samkvæmt þessari reglugerð. Lánastofnun sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB, og veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi, ætti aðeins að vera heimilt að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga ef hún hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. DFT-markaðstorg fjármálagerninga og rekstraraðilar þeirra ættu að falla undir allar kröfur sem gilda um markaðstorg fjármálagerninga og rekstraraðila þeirra samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(12)</sup>, samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB eða samkvæmt annarri gildandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, að undanskildum kröfum sem lögbært yfirvald hefur veitt undanþágu frá í samræmi við þessa reglugerð.
- 14) Notkun á dreifðri færsluskrártækni, þar sem öll viðskipti eru skráð í dreifða færsluskrá, getur flýtt fyrir og sameinað viðskipti og uppgjör nálægt rauntíma og gæti gert kleift að samþætta viðskipta- og eftirviðskiptaþjónustu og -starfsemi. Gildandi reglur gera þó ekki ráð fyrir að viðskipta- og eftirviðskiptastarfsemi fari hvort tveggja fram innan sömu einingar, burtséð frá þeirri tækni sem notuð er, sökum ákvarðana um stefnu í tengslum við sérhæfingu áhættu og sundurgreiningu í þeim tilgangi að stuðla að samkeppni. Tilraunaregluverkið ætti ekki að skapa fordæmi til að réttlæta grundvallarendurskoðun á aðgreiningu viðskipta- og eftirviðskiptastarfsemi eða aðstæðum fyrir innviði fjármálamarkaða. Í ljósi hugsanlegs ávinnings af dreifðri færsluskrártækni með hliðsjón af sameiningu viðskipta og uppgjör er þó réttlætjanlegt að kveða á um sérhæfða DFT-markaðsinnviði í tilraunaregluverkinu, nánar tiltekið DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi sem sameinar þá starfsemi sem fer að jafnaði fram á markaðstorgum fjármálagerninga og verðbréfauppgjörskerfum.
- 15) DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi ætti annaðhvort að vera DFT-markaðstorg fjármálagerninga sem sameinar þá þjónustu sem DFT-markaðstorg fjármálagerninga og DFT-uppgjörskerfi veita, og ætti að vera rekið af verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem hefur fengið sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð, eða ætti að vera DFT-uppgjörskerfi sem sameinar þá þjónustu sem DFT-markaðstorg fjármálagerninga og DFT-uppgjörskerfi veita, og ætti að vera rekið af verðbréfamiðstöð sem hefur fengið sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð. Lánastofnun, sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi, ætti aðeins að vera heimilt að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi ef hún hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi ætti að falla undir þær kröfur sem gilda um DFT-markaðstorg fjármálagerninga og verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi ætti að falla undir þær kröfur sem gilda um DFT-uppgjörskerfi. Þar sem DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi myndi gera verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar kleift að veita einnig uppgjörþjónustu og gera verðbréfamiðstöð kleift að veita líka viðskiptaþjónustu, er nauðsynlegt að verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilar markaða uppfylli einnig þær kröfur sem gilda um DFT-uppgjörskerfi og að verðbréfamiðstöðvar uppfylli þær kröfur sem gilda um DFT-markaðstorg fjármálagerninga. Þar sem verðbréfamiðstöðvar falla ekki undir tiltekna starfsleyfis- og skipulagskröfur samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB þegar fjárfestingarþjónusta eða -starfsemi er veitt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, þykir rétt að beita svipaðri nálgun í tilraunaregluverkinu, bæði fyrir verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaða og fyrir verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi. Því ætti verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi að vera undanþegin tilteknum starfsleyfis- og skipulagskröfum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, þar sem verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðilinn verður að uppfylla starfsleyfis- og skipulagskröfur samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Á hinn bóginn ætti verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi að vera undanþegin tilteknum kröfum um starfsleyfi og skipulag samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, þar sem verðbréfamiðstöðin verður að uppfylla starfsleyfis- og skipulagskröfur samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Slíkar undanþágur ættu að vera tímabundnar og ættu ekki að gilda um DFT-markaðsinnviði sem starfar utan tilraunaregluversins. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta metið tæknistaðla um skráahald og rekstraráættu sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 með það fyrir augum að tryggja að gætt sé meðalhófs þegar þeim er beitt á verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi.
- 16) Rekstraraðilar DFT-viðskipta- og uppgjörskerfa ættu að geta óskað eftir sömu undanþágum og þeim sem standa rekstraraðilum DFT-markaðstorga fjármálagerninga og DFT-uppgjörskerfa til boða, að því tilskildu að þeir uppfylli þau skilyrði

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

sem fylgja undanþágunum og hvers kyns aðrar mótvægisáðgerðir sem lögbær yfirvöld gera kröfu um. Svipaðar forsendur og þær sem gilda um DFT-markaðstorg fjármálagerninga og DFT-uppgjörskerfi ættu að gilda um undanþágur sem standa DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi til boða, um öll skilyrði sem tengjast þessum undanþágum og um mótvægisáðgerðir.

- 17) Til þess að kveða á um aukinn sveigjanleika við beitingu tiltekinna krafna reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á verðbréfa-fyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, samhliða því að tryggja jöfn samkeppnis-skilyrði meðal verðbréfamiðstöðva sem veita uppgjörþjónustu samkvæmt tilraunaregluverkinu, ættu tilteknar undanþágur frá kröfunum í þeirri reglugerð varðandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti, frá kröfum um þátttöku og gagnsæi og frá kröfum um notkun á tilteknum leiðum til samskipta við þátttakendur og aðra markaðsinnviði, að standa til boða þeim verðbréfamiðstöðvum sem reka DFT-uppgjörskerfi eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi og þeim verðbréfafyrirtækjum eða rekstraraðilum markaða sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi. Þessar undanþágur ættu að falla undir skilyrði sem fylgja þeim, þ.m.t. tilteknar lágmarkskröfur, og allar aðrar mótvægisáðgerðir sem lögbært yfirvald krefst til að uppfylla markmið í ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 sem óskað er eftir undanþágu frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika. Rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis ætti að sýna fram á að sú undanþága sem óskað er eftir sé hófleg og rökstudd með notkun á dreifðri færsluskráartækni.
- 18) DFT-uppgjörskerfi ætti að vera uppgjörskerfi sem rekið er af verðbréfamiðstöð með starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sem hefur fengið sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi samkvæmt þeirri reglugerð. DFT-uppgjörskerfi og verðbréfamiðstöðin sem rekur það ættu að falla undir allar viðeigandi kröfur samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, og hvers kyns aðra gildandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, að undanskildum kröfum sem undanþága hefur verið veitt frá í samræmi við þessa reglugerð.
- 19) Þegar Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna, eða aðrar stofnanir sem reknar eru af aðildarríkjum og gegna sambærilegu hlutverki, eða aðrir opinberir aðilar sem annast eða hafa afskipti af stýringu skulda hins opinberra í Sambandinu, reka DFT-uppgjörskerfi ættu þeir ekki að þurfa að leita eftir sértæku leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, þar sem slíkum aðilum er ekki skylt að gefa skýrslu til lögbærra yfirvalda eða hlíta fyrir mælum þeirra og falla undir takmarkaðar kröfur samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 20) Setning tilraunaregluverks ætti ekki að hafa áhrif á verkefni og ábyrgð Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna í seðlabankakerfi Evrópu sem sett eru fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og í bókun 4 um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, til að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa og til að tryggja skilvirki og traust stöðustofnunar- og greiðslukerfi innan Sambandsins og við þriðju lönd.
- 21) Úthlutun eftirlitsábyrgðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð er rökstudd með sérstökum einkennum og áhættu vegna tilraunaregluverksins. Því ætti ekki að líta svo á að eftirlitsskipulag tilraunaregluverksins skapi fordæmi fyrir neina gerð í löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu í framtíðinni.
- 22) Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu að bera ábyrgð ef um er að ræða tap á fjármunum, veðtryggingum eða DFT-fjármálagerningi. Bótaábyrgð rekstraraðila DFT-markaðsinnviða ætti að takmarkast við markaðsvirði eignarinnar sem tapaðist þegar tapið varð. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða ætti ekki að bera ábyrgð á atburðum sem ekki er hægt að rekja til hans, einkum hvers kyns atburðum sem rekstraraðilinn sýnir fram á að hafi átt sér stað óháð rekstrinum, þ.m.t. vandamál sem verða vegna ytri atburðar sem ekki er hægt að ætlast til af sanngirni að hann fái ráðið við.
- 23) Til að gefa færi á nýsköpun og tilraunum í traustu regluumhverfi en viðhalda jafnframt fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika ættu þær tegundir fjármálagerninga sem teknar eru til viðskipta eða skráðar hjá DFT-markaðsinnviðum að takmarkast við hlutabréf, skuldabréf og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem njóta undanþágu við framkvæmd eingöngu samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Í þessari reglugerð ætti að setja viðmiðunarmörk virðis sem hægt væri að lækka við tilteknar aðstæður. Til að komast hjá hvers kyns áhættu fyrir fjármálastöðugleika ætti einkum að takmarka samanlagt markaðsvirði DFT-fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða skráðir hjá DFT-markaðsinnviðum.

- 24) Til að færast nær jöfnum samkeppnisskilyrðum fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á hefðbundnum viðskipta-vettvöngum í skilningi tilskipunar 2014/65/ESB og til að tryggja öfluga fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármála-stöðugleika ættu DFT-fjármálagerningar, sem teknir eru til viðskipta á DFT-markaðstorgi fjármálagerninga eða í DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, að falla undir þau ákvæði sem banna markaðssvik samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 25) Að beiðni rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga ætti lögbærum yfirvöldum að vera heimilt að veita eina eða fleiri undanþágur tímabundið, ef rekstraraðilinn uppfyllir þau skilyrði sem tengjast slíkum undanþágum og hvers kyns viðbótarkröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð til að taka á nýrri áhættu sem stafar af notkun dreifðrar færsluskrár-tækni. Rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga ætti einnig að uppfylla hvers kyns mótvægisáðgerðir sem lögbært yfirvald krefst til að uppfylla markmið ákvæðisins, sem óskað hefur verið eftir undanþágu frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.
- 26) Að beiðni rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga ætti lögbærum yfirvöldum að vera heimilt að veita undanþágu frá miðlunarskyldu samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Sem stendur er hefðbundnum markaðstorgum fjármálagerninga einungis heimilt að samþykkja sem aðila eða þátttakendur verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir og aðra aðila sem hafa nægilega getu og hæfni til að stunda viðskipti og sem viðhalda fullnægjandi skipulagsráðstöfunum og tilföngum. Á hinn bóginn bjóða margir vettvangar fyrir viðskipti með sýndareignir upp á milliliðalausan aðgang og veita almennum fjárfestum beinan aðgang. Til samræmis við það gæti ein möguleg hindrun af völdum reglusetningar fyrir þróun á markaðstorgum fjármálagerninga fyrir DFT-fjármálagerninga verið miðlunarskyldan samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Að beiðni rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga ætti lögbæru yfirvaldi því að vera heimilt að veita tímabundna undanþágu frá þessari miðlunarskyldu til að veita almennum fjárfestum beinan aðgang og gera þeim kleift að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, að því tilskildu að fullnægjandi verndarráðstafanir varðandi fjárfestavernd séu fyrir hendi, að slíkir almennir fjárfestar uppfylli tiltekin skilyrði og að rekstraraðilinn fari að öllum mögulegum viðbótarráðstöfunum um fjárfestavernd sem lögbært yfirvald fer fram á. Almennir fjárfestar, sem hafa beinan aðgang að DFT-markaðstorgi fjármálagerninga sem aðilar, eða þátttakendur sem eru undanþegnir miðlunarskyldu ættu ekki að teljast vera verðbréfafyrirtæki í skilningi tilskipunar 2014/65/ESB einungis vegna þess að þeir eru aðilar að eða þátttakendur í DFT-markaðstorgi fjármálagerninga.
- 27) Að beiðni rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga ætti lögbærum yfirvöldum einnig að vera heimilt að veita undanþágu frá kröfum um skýrslugjöf um viðskipti samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014, að því tilskildu að DFT-markaðstorgið uppfylli tiltekin skilyrði.
- 28) Til að geta hlotið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð ætti rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga að sýna fram á að sú undanþága sem óskað er eftir sé hófleg og takmarkist við notkun á dreifðri færsluskrártækni eins og lýst er í viðskiptaáætlun hans og að undanþágan sem óskað er eftir takmarkist við DFT-markaðstorg fjármálagerninga og nái ekki til neins annars markaðstorgs fjármálagerninga sem sama verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar rekur.
- 29) Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi ætti lögbærum yfirvöldum að vera heimilt að veita eina eða fleiri undanþágur tímabundið, ef hún uppfyllir þau skilyrði sem tengjast slíkum undanþágum og allar viðbótarkröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð til að taka á nýrri áhættu sem stafar af notkun á dreifðri færsluskrártækni. Verðbréfamiðstöðin sem rekur DFT-uppgjörskerfi ætti einnig að uppfylla hvers kyns mótvægisáðgerð sem lögbært yfirvald krefst til að uppfylla markmið ákvæðisins sem óskað var undanþágu frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.
- 30) Heimilt ætti að vera að undanskilja verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-uppgjörskerfi frá tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 sem líklegt er að skapi hindranir af völdum reglusetningar fyrir þróun DFT-uppgjörskerfis. Til dæmis ætti að vera mögulegt að veita undanþágur að því marki sem reglurnar í þeirri reglugerð sem gilda um verðbréfamiðstöðvar og vísa til hugtakanna „óefnislegt form“, „verðbréfareikningur“ eða „fyrirmæli um flutning“ eiga ekki við um verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-uppgjörskerfi, að undanskildum kröfum um samtengingar verðbréfamiðstöðva sem ættu að gilda að breyttu breytanda. Að því er varðar hugtakið „verðbréfareikningur“ myndi undanþágan ná yfir reglur um skráningu verðbréfa, heilindi útgáfu og aðskilnað reikninga. Þar eð verðbréfamiðstöðvar reka verðbréfauppgjörskerfi með því að færa til tekna á og skuldfæra af verðbréfareikningum þátttakenda, er hugsanlega ekki alltaf hentugt að halda bókhald verðbréfareikninga með tvískráningu eða margskráningu í DFT-uppgjörskerfi. Þess vegna ætti einnig að vera hægt að veita verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi undanþágu frá reglunum í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sem vísa til hugtaksins „rafræn skráning“ þegar slík undanþága er nauðsynleg til að gera kleift að skrá DFT-fjármálagerninga í dreifða færsluskrá. Hins vegar ætti verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi að tryggja áfram heilleika útgáfu DFT-fjármálagerninga í dreifðu færsluskrána og aðgreiningu DFT-fjármálagerninga sem tilheyra mismunandi þátttakendum.

- 31) Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi ætti alltaf að falla undir ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, en samkvæmt henni ber verðbréfamiðstöð, sem útvistar þjónustu eða starfsemi til þriðja aðila, áfram fulla ábyrgð á að sinna öllum skyldum sínum samkvæmt þeirri reglugerð og er skylt að tryggja að útvistun leiði aldrei til þess að ábyrgð hennar sé framseld. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 heimila aðeins þeim verðbréfamiðstöðvum sem reka DFT-uppgjörskerfi að útvista kjarnaþjónustu eða -starfsemi að fengnu starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi. Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi ætti því að geta óskað eftir undanþágu frá þessari kröfu um starfsleyfi þegar hún sýnir fram á að krafan sé ósamrýmanleg notkun á dreifðri færsluskrártækni eins og gert er ráð fyrir í viðskiptaáætlun. Úthlutun verkefna sem varða starfsemi DFT-uppgjörskerfis eða notkun á dreifðri færsluskrártækni til að framkvæma uppgjör ætti ekki að teljast vera útvistun í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
- 32) Miðlunarskylda í gegnum lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki til að koma í veg fyrir að almennir fjárfestar fái beinan aðgang að þeim uppgjör- og afgreiðsluferfum sem verðbréfamiðstöð rekur gæti skapað hindrun af völdum reglusetningar fyrir þróun annarra uppgjörslíkana sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og gera almennum fjárfestum kleift að fá beinan aðgang að þeim. Því ætti að heimila undanþágu fyrir verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-uppgjörskerfi í þeim skilningi að hugtakið „þátttakandi“ í tilskipun 98/26/EB telst, við tiltekin skilyrði, ná yfir aðra aðila en þá sem um getur í þeirri tilskipun. Þegar verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi óskar undanþágu frá miðlunarskyldunni í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 ætti hún að tryggja að þeir einstaklingar sem samþykkja skal sem þátttakendur uppfylli ákveðin skilyrði. Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi ætti að tryggja að þátttakendur þess búi yfir nægilegri getu, hæfni, reynslu og þekkingu á eftirviðskiptum og virkni dreifðrar færsluskrártækni.
- 33) Stofnanir og fyrirtæki sem geta tekið þátt í verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 samsvara þeim einingum sem geta tekið þátt í verðbréfauppgjörskerfi sem er tilnefnt og tilkynnt í samræmi við tilskipun 98/26/EB, vegna þess að í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 er þess krafist að verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðvar reka séu tilnefnd og tilkynnt samkvæmt tilskipun 98/26/EB. Til samræmis við það myndi rekstraraðili verðbréfauppgjörskerfis, sem byggist á dreifðri færsluskrártækni, sem óskar undanþágu frá þáttökukröfunum í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 þar af leiðandi ekki uppfylla þáttökukröfur tilskipunar 98/26/EB. Þar af leiðandi er ekki hægt að tilnefna og tilkynna um þetta verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt þeirri tilskipun og þess vegna er ekki vísað til þess sem „DFT-verðbréfauppgjörskerfis“ í þessari reglugerð, heldur sem DFT-uppgjörskerfis. Þessi reglugerð ætti að heimila verðbréfamiðstöð að reka DFT-uppgjörskerfi sem tilgreint er samkvæmt tilskipun 98/26/EB og hægt ætti að vera að fá undanþágu frá reglunum um endanlegt uppgjör í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, með fyrirvara um tilteknar mótvægisáðgerðir, þ.m.t. sérstakar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhættu vegna ógjaldfærni, þar sem ráðstafanir til vermdar gegn ógjaldfærni samkvæmt tilskipun 98/26/EB gilda ekki. Slík undanþága kemur þó ekki í veg fyrir að DFT-uppgjörskerfi, sem uppfyllir allar kröfur tilskipunar 98/26/EB, sé tilnefnt og tilkynnt sem verðbréfauppgjörskerfi í samræmi við þá tilskipun.
- 34) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 hvetja til uppgjör á viðskiptum í seðlabankapeningum. Ef uppgjör peningagreiðslna í seðlabankapeningum er ekki hagkvæmt og mögulegt ætti uppgjör að geta farið fram í gegnum reikninga verðbréfamiðstöðvarinnar í samræmi við þá reglugerð eða í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá lánastofnun („viðskiptabankapeningar“). Það getur hins vegar reynst erfitt að beita þeirri reglu á verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi, því verðbréfamiðstöðin myndi þurfa að framkvæma hreyfingar á veltureikningum um leið og afhending verðbréfa er skráð í dreifðu færsluskrána. Því ætti að heimila tímabundna undanþágu fyrir verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-uppgjörskerfi frá ákvæðum þeirrar reglugerðar um uppgjör með reiðufé til að þróa nýsköpunarlausnir samkvæmt tilraunaregluverkinu, með því að greiða fyrir aðgengi að viðskiptabankapeningum eða notkun á „rafeyristókum“. Uppgjör í seðlabankapeningum gæti talist óhagkvæmt og ómögulegt ef uppgjör í seðlabankapeningum í dreifðri færsluskrá er ekki tiltækt.
- 35) Að undanskildum þeim kröfum sem hafa reynst óhagkvæmar í umhverfi dreifðrar færsluskrártækni, gilda þær kröfur sem tengjast uppgjóri með reiðufé samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 áfram utan tilraunaregluversins. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu því að lýsa því í viðskiptaáætlunum sínum hvernig þeir ætli að fara að ákvæðum IV. bálks reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 komi til þess að þeir að lokum hætti að nýta sér umgjörð tilraunaregluversins.



- 36) Í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 er þess krafist að verðbréfamiðstöð veiti öðrum verðbréfamiðstöðvum, eða öðrum markaðsinnviðum, aðgang án mismununar og á gagnsæjan hátt. Það getur verið tæknileg áskorun, íþyngjandi eða erfitt að veita aðgang að verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi þar sem rekstrarsamhæfi fornkerfa við dreifða færsluskrártækni hefur enn ekki verið prófað. Því ætti einnig að vera mögulegt að veita DFT-uppgjörskerfi undanþágu frá þeirri kröfu ef það sýnir fram á að beiting kröfunnar sé ekki í réttu hlutfalli við umfang starfsemi þess DFT-uppgjörskerfis.
- 37) Án tillits til hvaða kröfu beðið hefur verið um undanþágu frá ætti verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi að sýna fram á að sú undanþága sem óskað er eftir sé hófleg og rökstudd með notkun á dreifðri færsluskrártækni. Undanþágan ætti að takmarkast við DFT-uppgjörskerfi og ætti ekki að ná yfir önnur uppgjörskerfi sem sama verðbréfamiðstöð rekur.
- 38) DFT-markaðsinnviðir og rekstraraðilar þeirra ættu að falla undir viðbótarkröfur samanborið við hefðbundna markaðsinnviði. Viðbótarkröfurnar eru nauðsynlegar til að forðast áhættu sem tengist notkun á dreifðri færsluskrártækni eða hvernig DFT-markaðsinnviðir myndu starfa. Því ætti rekstraraðili DFT-markaðsinnviða að koma á fót skýrri viðskiptaáætlun sem tilgreinir hvernig dreifð færsluskrártækni verði notuð og gildandi lagaleg skilyrði.
- 39) Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu að koma á eða skjalfesta, eins og við á, reglur um virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem þeir nota, þ.m.t. reglur um aðgang að og töku til viðskipta í dreifðu færsluskrána, reglur um notkun sannreyningarhnúta og reglur til að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum, sem og ráðstafanir vegna áhættustýringar.
- 40) Krefjast ætti þess að rekstraraðili DFT-markaðsinnviða veiti aðilum, þátttakendum, útgefendum og viðskiptavinum upplýsingar um hvernig hann hyggst framkvæma starfsemi sína og hvernig notkun á dreifðri færsluskrártækni vikur frá því hvernig þjónusta er yfirleitt veitt á markaðstorgi fjármálagerninga eða hjá verðbréfamiðstöð sem rekur verðbréfauppgjörskerfi.
- 41) DFT-markaðsinnviðir ættu að hafa sértækt og traust fyrirkomulag á sviði upplýsingatækni og netkerfa í tengslum við notkun á dreifðri færsluskrártækni. Slíkt fyrirkomulag ætti að vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig viðskiptaáætlunar rekstraraðila DFT-markaðsinnviða. Fyrirkomulagið ætti einnig að tryggja samfellu og áframhaldandi gagnsæi, aðgengileika, áreiðanleika og öryggi þeirrar þjónustu sem veitt er, þ.m.t. áreiðanleika allra snjallsamninga sem notaðir eru, án tillits til þess hvort þessir snjallsamningar eru myndaðir hjá DFT-markaðsinnviðum eða þriðji aðili býr þá til í kjölfar útivistunarferlis. DFT-markaðsinnviðir ættu einnig að tryggja heilleika, öryggi, leynd, tiltækileika og aðgengileika gagna sem geymd eru í dreifðu færsluskránni. Lögbæru yfirvaldi DFT-markaðsinnviða ætti að vera heimilt að krefjast úttektar til að tryggja að heildarfyrirkomulag upplýsingatækni og netkerfa hjá DFT-markaðsinnviðum henti til fyrirhugaðrar notkunar. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða ætti að bera kostnaðinn við úttektina.
- 42) Ef viðskiptaáætlun rekstraraðila DFT-markaðsinnviða felur í sér varðveislu á fjármunum viðskiptavina, s.s. reiðufé eða ígildi reiðufjár, eða DFT-fjármálagerningum, eða aðgangsleiðir að slíkum DFT-fjármálagerningum, þ.m.t. í formi dulköðunarlykla, ættu DFT-markaðsinnviðir að hafa fullnægjandi fyrirkomulag til staðar til að vernda þessar eignir. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu ekki að nota eignir viðskiptavina á eigin reikningum, nema með undangengnu ótvíræðu samþykki viðskiptavina. DFT-markaðsinnviðir ættu að aðgreina fjármuni viðskiptavina og DFT-fjármálagerninga og aðgangsleiðir að slíkum eignum frá eigin eignum eða eignum annarra viðskiptavina. Heildarfyrirkomulag upplýsingatækni og netkerfa hjá DFT-markaðsinnviðum ætti að tryggja að eignir viðskiptavina séu verndaðar gegn svikum, netárásum og öðrum alvarlegum rekstrartruflunum.
- 43) Þegar sértækt leyfi er veitt ættu rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða einnig að hafa til staðar trúverðuga útgönguáætlun ef tilraunaregluverkið er lagt af, sértæka leyfið eða einhverjar veittar undanþágur eru afturkallaðar eða farið er yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessari reglugerð. Sú áætlun ætti að fela í sér að starfsemi þeirra með dreifðri færsluskrártækni er umbreytt eða færð aftur yfir í hefðbundna markaðsinnviði. Í því skyni ættu nýir aðilar eða rekstraraðilar DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis, sem reka ekki hefðbundna markaðsinnviði sem þeir gætu yfirfært DFT-fjármálagerninga til, að leitast við að gera samkomulag við rekstraraðila hefðbundinna markaðsinnviða. Þetta er einkum mikilvægt fyrir skráningu DFT-fjármálagerninga. Því ættu verðbréfamiðstöðvar að falla undir tiltekna kröfur um að koma á slíku samkomulagi. Auk þess ættu verðbréfamiðstöðvar að gera slíkt samkomulag án mismununar og geta innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun á grundvelli raunkostnaðar.

- 44) Sérþækt leyfi sem veitt er rekstraraðila DFT-markaðsinnviða ætti í stórum dráttum að fylgja sömu verklagsreglum og gilda um starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 eða tilskipun 2014/65/ESB. Þegar sótt er um sérþækt leyfi samkvæmt þessari reglugerð ætti umsækjandinn þó að tilgreina þær undanþágur sem óskað er eftir. Áður en lögbært yfirvald veitir sérþækt leyfi til DFT-markaðsinnviða ætti það að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar viðeigandi upplýsingar. Ef nauðsyn krefur ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gefa út álit, sem ekki er bindandi, um umbeðnar undanþágur eða um hvort dreifða færsluskrártækni sé fullnægjandi að því er varðar þessa reglugerð. Slíkt álit, sem er ekki bindandi, ætti ekki að teljast vera álit í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við undirbúning á álitinu. Með álitinu, sem er ekki bindandi, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stefna að því að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og sanngjarna samkeppni á öllum innri mörkuðum ættu álit og leiðbeiningar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem ekki eru bindandi, að miða að því að tryggja samræmi og meðalhóf undanþága sem mismunandi lögbær yfirvöld í Sambandinu veita, þ.m.t. þegar metið er hvort mismunandi tegundir af dreifðri færsluskrártækni sem rekstraraðilar nota séu fullnægjandi hvað þessa reglugerð varðar.
- 45) Skráning verðbréfa, viðhald verðbréfareikninga og stýring uppgjörskerfa er starfsemi sem fellur einnig undir ósamræmd ákvæði landslaga, s.s. fyrirtækja- og verðbréfamarkaðsrétt. Því er mikilvægt að rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða uppfylli allar gildandi reglur og geri notendum sínum kleift að gera það.
- 46) Lögbært yfirvald sem skoðar umsókn sem rekstraraðili DFT-markaðsinnviða hefur sent inn ætti að eiga möguleika á að neita að veita sérþækt leyfi ef ástæður eru til að ætla að DFT- markaðsinnviðirnir geti ekki uppfyllt viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í lögum Sambandsins eða ákvæði landslaga sem falla utan lagasviðs Sambandsins, ef ástæða er til að ætla að DFT-markaðsinnviðirnir myndu stofna fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika í hættu eða ef umsóknin er tilraun til að sniðganga gildandi kröfur.
- 47) Í sérþækt leyfi sem lögbært yfirvald veitir rekstraraðila DFT-markaðsinnviða ætti að tilgreina þær undanþágur sem þeim DFT-markaðsinnviðum eru veittar. Það ætti að gilda í öllu Sambandinu en aðeins meðan á tilraunaregluverkinu stendur. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að birta lista yfir DFT-markaðsinnviði og lista yfir veittar undanþágur á vefsetri sínu.
- 48) Veita ætti sérþækt leyfi og undanþágur tímabundið, í allt að sex ár frá deginum sem sérþækta leyfið var veitt og ættu þau einungis að gilda á meðan á tilraunaregluverkinu stendur. Þetta sex ára tímabil ætti að gefa rekstraraðilum DFT-markaðsinnviða nægan tíma til að aðlaga viðskiptalíkön sín að hvers konar breytingum á tilraunaregluverkinu og starfa innan tilraunaregluversins á markaðsvænlegan hátt. Það myndi einnig gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni kleift að safna gagnlegum gögnum um framkvæmd tilraunaregluversins eftir að markfjöldi sérþæktra leyfa og tengdra undanþága hefur verið veittur og að gefa skýrslu um það. Að lokum myndi það einnig gefa rekstraraðilum DFT-markaðsinnviða tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir, annaðhvort til að hættu starfsemi eða skipta yfir í nýjan regluramma í kjölfar skýrslanna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og framkvæmdastjórnin gefa út.
- 49) Án þess að það hafi áhrif á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB ættu lögbær yfirvöld að hafa vald til að afturkalla sérþækt leyfi eða hvers kyns undanþágur sem veittar eru DFT-markaðsinnviðum ef galli hefur komið í ljós í undirliggjandi tækni eða í þjónustu og starfsemi rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, ef sá galli vegur þyngra en ávinningur af viðkomandi þjónustu og starfsemi eða ef rekstraraðili DFT-markaðsinnviða hefur brugðist skyldum sem tengjast leyfum eða undanþágum sem lögbær yfirvöld hafa veitt, eða ef rekstraraðili DFT-markaðsinnviða hefur skráð fjármálagerninga sem fara yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessari reglugerð eða uppfylla ekki önnur skilyrði sem gilda um DFT-fjármálagerninga samkvæmt þessari reglugerð. Í starfi sínu ætti rekstraraðili DFT-markaðsinnviða að hafa möguleika á að fara fram á aukaundanþágur til viðbótar við þær sem farið var fram á þegar upphafleg umsókn var gerð. Í slíku tilviki ætti að óska eftir viðbótarundanþágum frá lögbærni yfirvaldi á sama hátt og óskað var eftir þeim þegar upphaflega var sótt um leyfi fyrir DFT-markaðsinnviðinn.

- 50) Þar sem rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða myndu, samkvæmt tilraunaregluverkinu, geta fengið tímabundnar undanþágur frá tilteknum ákvæðum gildandi löggjafar Sambandsins ættu þeir að vinna náið með lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni á þeim tíma sem sértækt leyfi þeirra er í gildi. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu að upplýsa lögbær yfirvöld um hvers kyns verulegar breytingar á viðskiptaáætlunum sínum eða mikilvægu starfsliði, um hvers kyns vísbendingar um netárásir eða aðrar netógnir, svik eða alvarlega vanrækslu, um hvers kyns breytingar á þeim upplýsingum sem veittar voru þegar upphaflega umsóknin um sérstakt leyfi var lögð fram, um hvers kyns tæknilega eða rekstrarlega erfiðleika, einkum þá sem tengjast notkun á dreifðri færsluskrártækni, og um hvers kyns áhættu að því er varðar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika sem ekki var gert ráð fyrir þegar sértæka leyfið var veitt. Til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika ætti lögbært yfirvald að geta krafist þess að DFT-markaðsinnviðir sækji um nýtt sértækt leyfi eða undanþágu, eða gripið til hvers konar ráðstafana til úrbóta sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, þegar því er tilkynnt um slíka verulega breytingu. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu einnig að veita lögbæru yfirvaldi allar viðeigandi upplýsingar þegar þess er óskað. Lögbær yfirvöld ættu að áframsenda þær upplýsingar sem þau hafa fengið frá rekstraraðilum DFT-markaðsinnviða og upplýsingar um ráðstafanir til úrbóta til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
- 51) Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða ættu að leggja reglulega fram skýrslur til lögbærra yfirvalda sinna. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að skipuleggja umræður um þessar skýrslur til að gera öllum lögbærum yfirvöldum í Sambandinu kleift að öðlast reynslu af áhrifum dreifðrar færsluskrártækni og til að skilja hvort einhverjar breytingar á löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu kunni að vera nauðsynlegar til að heimila notkun dreifðrar færsluskrártækni í víðara samhengi.
- 52) Á meðan tilraunaregluverkinu stendur er mikilvægt að títt eftirlit og mat sé haft með rammanum og virkni hans til að rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða fái sem mestar upplýsingar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að birta ársskýrslur til að veita markaðsaðilum betri skilning á starfsemi og þróun markaða og til að veita nánari útlitun á beitingu tilraunareglukerfisins. Þessar ársskýrslur ættu að innihalda uppfærslur á mikilvægustu þróun og áhættu. Leggja ætti þessar ársskýrslur fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina.
- 53) Þremur árum eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með mati sínu á tilraunaregluverkinu. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins, á grundvelli skýrslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Í þessari skýrslu ætti að meta kostnað og ávinning af því að framlengja tilraunaregluverkið um eitt tímabil, framlengja tilraunaregluverkið til annarra gerða fjármálagerninga, breyta tilraunaregluverkinu með öðrum hætti, gera tilraunaregluverkið varanlegt með því að leggja til viðeigandi breytingar á löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu eða fella tilraunaregluverkið úr gildi. Ekki væri æskilegt að hafa tvenns konar samhlíða regluverk fyrir markaðsinnviði sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og markaðsinnviði sem byggjast ekki á dreifðri færsluskrártækni. Ef tilraunaregluverkið ber árangur væri hægt að gera það varanlegt með því að breyta viðeigandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu í því skyni að koma á einum samræmdum ramma.
- 54) Komið hafa í ljós hugsanlegar eyður í gildandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu að því er varðar beitingu hennar á sýndareignir sem geta talist fjármálagerningar. Einkum eru tæknilegu eftirlitsstaðlarnir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014, sem varða tiltekna gagnaskýrslukröfur og kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, ekki vel lagaðir að fjármálagerningum sem gefnir eru út með dreifðri færsluskrártækni. Eftirmarkaðir með fjármálagerninga sem gefnir eru út með dreifðri færsluskrártækni eða svipaðri tækni eru enn í mótun og því geta einkenni þeirra hugsanlega verið ólík mörkuðum fyrir fjármálagerninga þar sem hefðbundin tækni er notuð. Þær reglur sem settar eru fram í þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum ættu að gilda um alla fjármálagerninga, án tillits til þess hvaða tækni er notuð. Því ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gera ítarlegt mat á þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum í samræmi við gildandi umboð í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum og leggja til nauðsynlegar breytingar til að tryggja að unnt væri að beita þeim reglum sem þar eru settar fram með skilvirkum hætti á DFT-fjármálagerninga. Við gerð matsins ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að taka tillit til sérkenna DFT-fjármálagerninga og hvort þeir krefjast þess að staðlar séu aðlagðir til að gera kleift að þróa þessa fjármálagerninga án þess að grafa undan markmiðum reglnanna sem mælt er fyrir um í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

- 55) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna hindrana af völdum reglusetningar fyrir þróun DFT-markaðsinnviða fyrir sýndareignir sem teljast vera fjármálagerningar sem felldir eru inn í löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 56) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1937 <sup>(13)</sup>. Að því er varðar aðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB ætti jafnframt að nota fyrirkomulag tilkynninga um brot á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða tilskipun 2014/65/ESB, eins og komið er á fót samkvæmt þeirri tilskipun. Að því er varðar aðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 ætti að nota fyrirkomulag tilkynninga um brot á þeirri reglugerð sem komið var á fót samkvæmt þeirri reglugerð.
- 57) Rekstur DFT-markaðsinnviða gæti falið í sér vinnslu persónuupplýsinga. Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar þessa reglugerð, að vinna úr persónuupplýsingum ætti sú vinnsla að samrýmast gildandi lögum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 <sup>(14)</sup> og (ESB) 2018/1725 <sup>(15)</sup>. Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún álitinu sínu 23. apríl 2021.
- 58) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er kveðið á um umbreytingartímabil þegar aðgangur án mismununar að miðlægum mótadila eða viðskiptavettvangi samkvæmt þeirri reglugerð gildir ekki um miðlæga mótaðila eða viðskiptavettvanga sem sóttu um að njóta ávinnings af umbreytingarfyrirkomulagi, að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með í kauphöll. Tímabilið þegar miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur gátu fengið undanþágu hjá lögbæru yfirvaldi sínu að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá reglunum um aðgang án mismununar rann út 3. júlí 2020. Aukin óvissa og flókt markaða hafði neikvæð áhrif á rekstraráhættu miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga og af þeim sökum var deginum þegar nýja opna aðgangskerfið fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga, sem bjóða viðskipta- og stöðustofnunarþjónustu í tengslum við afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, kemur til framkvæmda frestað um eitt ár skv. 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/23 <sup>(16)</sup>, til 3. júlí 2021. Ástæðurnar fyrir að fresta deginum þegar nýja opna aðgangskerfið kemur til framkvæmda eru enn til staðar. Enn fremur gæti opna aðgangskerfið strítt gegn hliðstæðum stefnumarkmiðum um að stuðla að viðskiptum og nýsköpun innan Sambandsins, þar sem það gæti latt nýsköpun í afleiðum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi með því að gera samkeppnisaðilum, sem njóta góðs af opnum aðgangi, kleift að reiða sig á innviði og fjárfestingar aðilans sem fyrir er til að bjóða samkeppnisvörur með litlum fyrirframkostnaði. Viðhald kerfis þar sem afleiður eru stöðustofnaðar og viðskipti höfð með þær í lóðrétt samþættri einingu er einnig í samræmi við langvarandi þróun á alþjóðavettvangi. Því ætti að fresta gildistökudegi nýs opins aðgangskerfis um tvö ár í viðbót, til 3. júlí 2023.
- 59) Eins og sakir standa nær skilgreiningin á fjármálagerningi í tilskipun 2014/65/ESB ekki ótvírætt yfir fjármálagerninga sem gefnir eru út með tækni úr flokki sem styður dreifða skráningu á dulkóðuðum gögnum, þ.e. dreifðra færsluskrártækni. Til að tryggja að hægt sé að stunda viðskipti með slíka fjármálagerninga á markaði samkvæmt gildandi lagaramma ætti að breyta skilgreiningu á fjármálagerningum í tilskipun 2014/65/ESB þannig að hún taki til þeirra.

<sup>(13)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1937 frá 23. október 2019 um verndun þeirra sem tilkynna um brot á lögum Sambandsins (Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 17).

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(15)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/23 frá 16. desember 2020 um ramma fyrir endurreisn og skilameðferð miðlægra mótaðila og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1095/2010, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 806/2014 og (ESB) 2015/2365 og tilskipunum 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2007/36/EB, 2014/59/ESB og (ESB) 2017/1132 (Stjtið. ESB L 22, 22.1.2021, bls. 1).

- 60) Þó að í þessari reglugerð sé settur fram reglurammi fyrir DFT-markaðsinnviði, þ.m.t. þá sem veita uppgjörþjónustu, er mælt fyrir um almenna regluramman fyrir verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðvar reka í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sem felur í sér ákvæði um aga í uppgjöri. Í regluverki um aga í uppgjöri eru reglur um tilkynningu á uppgjörsbrestum, innheimtu og útgreiðslu fjársekta og lögboðin uppgjörskau. Samkvæmt tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samþykktir voru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 gilda ákvæðin um aga í uppgjöri frá 1. febrúar 2022. Hagsmunaaðilar hafa þó lagt fram gögn um að skyldubundin uppgjörskau gætu aukið lausafjárþrýsting og kostnað vegna verðbréfa sem hætta er á að falli undir uppgjörskau. Slík áhrif gætu aukist enn frekar ef upp kemur flökt á markaði. Með hliðsjón af þessu gæti beiting reglna um skyldubundin uppgjörskau, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, haft neikvæð áhrif á skilvirkni og samkeppnishæfni fjármagnsmarkaða í Sambandinu. Þau áhrif gætu aftur leitt til meira verðbils kaup- og sölutilboða, minni markaðsskilvirkni og minni hvata til að lána verðbréf á mörkuðum með verðbréfalánveitingar og endurhverf verðbréfakau og til að gera upp viðskipti við verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu. Þess vegna er búist við að kostnaður við að beita reglum um skyldubundin uppgjörskau vegi þyngra en hugsanlegur ávinningur. Með tilliti til þessara hugsanlegu neikvæðu áhrifa ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 909/2014 til að gera ráð fyrir mismunandi gildistökuþegi fyrir hverja ráðstöfun til að auka aga í uppgjöri, til að fresta megi enn frekar þeim degi þegar reglur um skyldubundin uppgjörskau koma til framkvæmda. Sú frestun myndi gera framkvæmdastjórninni kleift, í tengslum við væntanlega tillögu að nýrri löggjöf við endurskoðun á reglugerð (ESB) nr. 909/2014, að meta hvernig breyta ætti agareglum fyrir uppgjör, einkum reglum um skyldubundin uppgjörskau, til að taka tillit til og taka á fyrrnefndum atriðum. Enn fremur myndi slík frestun tryggja að markaðsaðilar, þ.m.t. þeir DFT-markaðsinnviðir sem myndu falla undir reglur um aga í uppgjöri, stofni ekki tvisvar til framkvæmdakostnaðar ef þessum reglum yrði breytt í kjölfar endurskoðunar á reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 61) Rekstur DFT-markaðsinnviða ætti ekki að grafa undan loftslagsstefnum aðildarríkjanna. Því er mikilvægt að hvetja til frekari þróunar á og fjárfestingar í dreifðri færsluskrártækni með litla og enga losun.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur í tengslum við DFT-markaðsinnviði og rekstraraðila þeirra að því er varðar:

- a) að veita og afturkalla sértæk leyfi til að reka DFT-markaðsinnviði í samræmi við þessa reglugerð,
- b) að veita, breyta og afturkalla undanþágur sem tengjast sértækum leyfum,
- c) að fyrirskipa, breyta og afturkalla þau skilyrði sem fylgja undanþágum og að því er varðar að veita umboð fyrir, breyta og afturkalla mótvægisáðgerðir eða ráðstafanir til úrbóta,
- d) að reka DFT-markaðsinnviði,
- e) eftirlit með DFT-markaðsinnviðum, og
- f) samstarf milli rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, lögbærra yfirvalda og evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 (ESMA).

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „dreifð færsluskrártækni“ eða „DFT“: tækni sem gerir kleift að reka og nota dreifða færsluskrá,
- 2) „dreifð færsluskrá“: gagnahirsla sem geymir skrár yfir viðskipti og er miðlað í gegnum og samstillt milli DFT-nethnúta með því að nota samstöðuáðferð,

- 3) „samstöðuaðferð“: reglur og verklag sem notað er til að ná samkomulagi á milli DFT-nethnúta um að viðskipti séu sannreynd,
- 4) „DFT-nethnúta“: tæki eða ferli sem er hluti af neti og geymir afrit af öllum viðskiptum í dreifðri færsluskrá í heild eða að hluta til,
- 5) „DFT-markaðsinnviðir“: DFT-markaðstorg fjármálagerninga, DFT-uppgjörskerfi eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi,
- 6) „DFT-markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga sem tekur aðeins DFT-fjármálagerninga til viðskipta,
- 7) „DFT-uppgjörskerfi“: uppgjörskerfi sem gerir upp viðskipti með DFT-fjármálagerninga gegn greiðslu eða gegn afhendingu, óháð því hvort það uppgjörskerfi hafi verið tilnefnt og tilkynnt í samræmi við tilskipun 98/26/EB, og heimilar frumskráningu DFT-fjármálagerninga eða veitingu vörsluþjónustu í tengslum við DFT-fjármálagerninga,
- 8) „uppgjör“: uppgjör eins og það er skilgreint í 7. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014,
- 9) „uppgjörsbrestur“: uppgjörsbrestur eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014,
- 10) „DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi“: DFT-markaðstorg fjármálagerninga eða DFT-uppgjörskerfi sem sameinar þjónustu sem DFT-markaðstorg fjármálagerninga og DFT-uppgjörskerfi veita,
- 11) „DFT-fjármálagerningur“: fjármálagerningur sem er gefinn út, skráður, yfirfærður og geymdur með dreifðri færsluskrártækni,
- 12) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 13) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 14) „verðbréfamiðstöð“: verðbréfamiðstöð eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- 15) „verðbréfauppgjörskerfi“: verðbréfauppgjörskerfi eins og það er skilgreint í 10. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014,
- 16) „viðskiptadagur“: viðskiptadagur eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014,
- 17) „afhending gegn greiðslu“: afhending gegn greiðslu eins og hún er skilgreind í 27. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014,
- 18) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(17)</sup>,
- 19) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 20) „rekstraraðili markaðar“: rekstraraðili markaðar eins og hann er skilgreindur í 18. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 21) „lögbært yfirvald“: eitt eða fleiri lögbær yfirvöld:
  - a) tilnefnd í samræmi við 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - b) tilnefnd í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða
  - c) sem aðildarríki hefur tilnefnt á annan hátt til að hafa umsjón með beitingu þessarar reglugerðar.

<sup>(17)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæmiskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfa-fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

## 3. gr.

**Takmarkanir á fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða skráðir hjá DFT-markaðsinnviðum**

1. DFT-fjármálagerninga skal aðeins taka til viðskipta á DFT-markaðsinnviðum, eða skrá þá hjá DFT-markaðsinnviðum, ef við töku til viðskipta eða við skráningu í dreifða færsluskrá, DFT-fjármálagerningarnir eru:

- a) hlutabréf þar sem útgefandi hefur markaðsverðmæti eða tímabundið markaðsverðmæti undir 500 milljónum evra,
- b) skuldabréf, annars konar verðbréfuð skuld, þ.m.t. heimildarskírteini að því er varðar slík verðbréf eða peningamarkaðsgerningar með útgáfustærð undir 1 milljarði evra, að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu eða fela í sér samsetningu sem gerir viðskiptavinum erfitt um vik að skilja áhættuna sem þeim fylgir, eða
- c) hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir iv. lið a-liðar 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, ef markaðsvirði eigna í stýringu þeirra er undir 500 milljónum evra.

Fyrirtækjaskuldabréf sem gefin eru út af útgefendum sem höfðu markaðsverðmæti sem fór ekki yfir 200 milljónir evra við útgáfu þeirra, skulu undanskilin frá útreikningi á þeim viðmiðunarmörkum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar.

2. Samanlagt markaðsvirði allra DFT-fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á DFT-markaðsinnviðum eða skráðir hjá DFT-markaðsinnviðum skal ekki vera hærra en 6 milljarðar evra þegar nýr DFT-fjármálagerningur er tekinn til viðskipta eða frumskráningar.

Ef taka til viðskipta eða frumskráning nýs DFT-fjármálagernings myndi leiða til þess að samanlagt markaðsvirði, sem um getur í fyrstu undirgrein, nemi 6 milljörðum evra skulu DFT-markaðsinnviðir ekki taka hann til viðskipta eða skrá hann.

3. Ef samanlagt markaðsvirði allra DFT-fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta hjá DFT-markaðsinnviðum eða sem skráðir eru hjá DFT-markaðsinnviðum hefur náð 9 milljörðum evra, skal rekstraraðili DFT-markaðsinnviða virkja umbreytingaráætlunina sem um getur í 7. mgr. 7. gr. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um virkjun umbreytingaráætlunar hans og um tímamörk umbreytingarinnar í mánaðarlegu skýrslunni sem kveðið er á um í 5. mgr.

4. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal reikna út mánaðarlegt meðaltal samanlagðs markaðsvirðis DFT-fjármálagerninga, sem viðskipti eru með eða skráðir eru hjá viðkomandi DFT-markaðsinnviðum. Þetta mánaðarlega meðaltal skal reiknað út sem meðaltal daglegs lokaverðs sérhvers DFT-fjármálagernings, margfaldað með fjölda DFT-fjármálagerninga sem viðskipti eru með eða skráðir eru hjá DFT-markaðsinnviði með sama alþjóðlega auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer).

Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal nota það mánaðarlega meðaltal:

- a) við mat á því hvort taka til viðskipta eða skráning nýs DFT-fjármálagernings myndi leiða til þess að samanlagt markaðsvirði DFT-fjármálagerninga næði viðmiðunarmörkunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og
- b) þegar tekin er ákvörðun um hvort virkja eigi umbreytingaráætlunina sem um getur í 7. mgr. 7. gr.

5. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal mánaðarlega leggja skýrslu fyrir lögbært yfirvald sitt sem sýna fram á að allir DFT-fjármálagerningar sem eru teknir til viðskipta eða skráðir hjá DFT-markaðsinnviðum fari ekki yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 2. og 3. mgr.

6. Lögbært yfirvald getur sett lægri viðmiðunarmörk en þau gildi sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. Ef lögbært yfirvald lækkar viðmiðunarmörkin sem um getur í 2. mgr. skal virðið sem sett er fram í 3. mgr. teljast lækkað í samsvarandi mæli.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal lögbært yfirvald taka til athugunar markaðsstærð og meðalverðmæti DFT-fjármálagerninga af tiltekinni gerð, sem hafa verið teknir til viðskipta á viðskiptavettvöngum í þeim aðildarríkjum þar sem þjónustan og starfsemin mun fara fram, og taka til athugunar þá áhættu sem tengist útgefendum, þeirri gerð dreifðrar færsluskrártækni sem notuð er og þeirrar þjónustu og starfsemi þeirra DFT-markaðsinnviða.

7. Reglugerð (ESB) nr. 596/2014 gildir um DFT-fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á DFT-markaðstorgi fjármálagerninga eða í DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi.

#### 4. gr.

### Kröfur og undanþágur sem varða DFT-markaðstorg fjármálagerninga

1. DFT-markaðstorg fjármálagerninga skal falla undir þær kröfur sem gilda um markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og tilskipun 2014/65/ESB.

Fyrsta undirgrein gildir ekki að því er varðar þær kröfur sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur fengið undanþágu frá skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að viðkomandi verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilinn hlítí:

- a) ákvæðum 7. gr.,
- b) ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar og
- c) hvers kyns mótvægisáðgerðum sem lögbært yfirvald telur viðeigandi til að uppfylla markmið ákvæða sem undanþágu er óskað frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.

2. Til viðbótar við þá aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. 53. gr. tilskipunar 2014/65/ESB getur lögbært yfirvald, ef rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga fer fram á það, heimilað þeim rekstraraðila að leyfa einstaklingum og lögaðilum að stunda viðskipti fyrir eigin reikning sem aðilar eða þátttakendur, að því tilskildu að slíkir aðilar uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) þeir hafi nægilega gott orðspor,
- b) þeir búi yfir nægilegri getu, hæfni og reynslu til að eiga viðskipti, þ.m.t. þekkingu á virkni dreifðrar færsluskrártækni,
- c) þeir séu ekki viðskiptavakar á viðkomandi DFT-markaðstorgi fjármálagerninga,
- d) þeir noti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms á viðkomandi DFT-markaðstorgi fjármálagerninga,
- e) þeir veiti ekki öðrum aðilum beinan rafrænan aðgang að viðkomandi DFT-markaðstorgi fjármálagerninga,
- f) þeir stundi ekki viðskipti fyrir eigin reikning þegar þau framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á DFT-markaðsinnviðum, og
- g) þeir hafi veitt upplýst samþykki fyrir viðskiptum á DFT-markaðstorgi fjármálagerninga sem aðilar eða þátttakendur og hafi verið upplýstir af DFT-markaðstorgi fjármálagerninga um mögulega áhættu af notkun kerfa sinna til að eiga viðskipti með DFT-fjármálagerninga.

Ef lögbært yfirvald veitir þá undanþágu sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar getur það krafist viðbótarráðstafana til verndar einstaklingum sem hafa aðgang að DFT-markaðstorgi fjármálagerninga sem aðilar eða þátttakendur. Slíkar ráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við áhættusnið þessara aðila eða þátttakenda.

3. Að beiðni rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga getur lögbært yfirvald veitt þeim rekstraraðila eða aðilum eða þátttakendum á því undanþágu frá 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Ef lögbært yfirvald veitir undanþágu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal DFT-markaðstorg fjármálagerninga halda skrár yfir öll viðskipti sem framkvæmd eru í gegnum kerfi þess. Þessar skrár skulu innihalda allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sem eiga við, með hliðsjón af kerfinu sem DFT-markaðstorg fjármálagerninga og aðilinn eða þátttakandinn sem framkvæmir viðskiptin notar. DFT-markaðstorg fjármálagerninga skal einnig tryggja að lögbær yfirvöld sem eiga rétt á að fá gögnin beint frá markaðstorgi fjármálagerninga í samræmi við 26. gr. þeirrar reglugerðar hafi beinan og tafarlausan aðgang að þessum upplýsingum. Til að fá aðgang að þessum skráum skal veita slíku lögbæru yfirvaldi aðgang að DFT-markaðstorgi fjármálagerninga sem þátttakandi með eftirlitsstöðu.



Lögbært yfirvald skal gera allar upplýsingar sem það hefur aðgang að í samræmi við þessa grein aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án óþarfa tafar.

4. Þegar rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga biður um undanþágu skv. 2. eða 3. mgr. skal hann sýna fram á að undanþágan sem óskað er eftir sé:

- a) í réttu hlutfalli við og rökstudd með notkun dreifðrar færsluskrártækni, og
- b) takmörkuð við DFT-markaðstorg fjármálagerninga og nái ekki til neinna annarra markaðstorga fjármálagerninga sem sá rekstraraðili rekur.

5. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja viðmiðunarreglur um þær mótvægisáðgerðir sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.

5. gr.

### Kröfur og undanþágur sem varða DFT-uppgjörskerfi

1. Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi skal falla undir þær kröfur sem gilda um verðbréfamiðstöð sem rekur verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

Fyrsta undirgrein gildir ekki að því er varðar þær kröfur sem verðbréfamiðstöðin sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur fengið undanþágu frá, skv. 2. til 9. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð hlíti:

- a) ákvæðum 7. gr.,
- b) ákvæðum 2. til 10. mgr. þessarar greinar og
- c) hvers kyns mótvægisáðgerðum sem lögbært yfirvald telur viðeigandi til að uppfylla markmið ákvæða sem undanþágu er óskað frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.

2. Lögbært yfirvald getur, að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi, veitt þeirri verðbréfamiðstöð undanþágu frá 4., 9. eða 28. lið 1. mgr. 2. gr. eða 3., 37. eða 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð:

- a) sýni fram á að notkun „verðbréfareiknings“, eins og hann er skilgreindur í 28. lið 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, eða notkun rafræns skráningarforms, eins og kveðið er á um í 3. gr. þeirrar reglugerðar, sé ósamrýmanleg notkun hinnar tilteknu dreifðu færsluskrártækni,
- b) leggi til jöfnunaraðgerðir til að uppfylla markmið ákvæðanna sem undanþágu hefur óskað fyrir og tryggi a.m.k. að:
  - i. DFT-fjármálagerningar séu skráðir í dreifðu færsluskrána,
  - ii. sá fjöldi DFT-fjármálagerninga í útgáfu eða hluta útgáfu sem verðbréfamiðstöðin, sem rekur DFT-uppgjörskerfið, skráir sé jafn heildarfjöldi þeirra DFT-fjármálagerninga sem eru hluti slíkrar útgáfu eða hluti útgáfu sem skráð er í dreifðu færsluskrána hverju sinni,
  - iii. hún haldi skrár sem geri verðbréfamiðstöðinni sem rekur DFT-uppgjörskerfi kleift hverju sinni að aðgreina þá DFT-fjármálagerninga sem tilheyra aðila, þátttakanda, útgefanda eða viðskiptavini frá fjármálagerningum annarra aðila, þátttakanda, útgefanda eða viðskiptavinar án tafar og
  - iv. hún heimili ekki yfirdrátt verðbréfa, neikvæða stöðu eða ranga stofnun eða eyðingu verðbréfa.

3. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald veitt henni undanþágu frá 6. eða 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð tryggi, að lágmarki, með traustu verklagi og fyrirkomulagi að DFT-uppgjörskerfi:

- a) geri kleift að staðfesta á skýran, nákvæman og tímanlegan hátt upplýsingar um viðskipti með DFT-fjármálagerninga, þ.m.t. greiðslur sem inntar eru af hendi að því er varðar DFT-fjármálagerninga, sem og að losa sig undan veðtryggingu að því er varðar þessa gerninga eða kalla eftir veði í tengslum við DFT-fjármálagerninga, og

b) komi annaðhvort í veg fyrir uppgjörsbresti eða taki á uppgjörsbrestum sé ekki mögulegt að koma í veg fyrir þá.

4. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald einungis veitt henni undanþágu frá 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í tengslum við útvistun kjarnaþjónustu til þriðja aðila, að því tilskildu að beiting þeirrar greinar sé ósamrýmanleg notkun dreifðrar færsluskrártækni, eins og gert er ráð fyrir henni í DFT-uppgjörskerfi sem sú verðbréfamiðstöð rekur.

5. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald heimilað þeirri verðbréfamiðstöð að veita einstaklingum og lögaðilum, til viðbótar við þá sem taldir eru upp í f-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, aðgang sem þátttakendur í DFT-uppgjörskerfi, að því tilskildu að slíkir aðilar:

- a) hafi nægilega gott orðspor,
- b) hafi fullnægjandi getu, hæfni, reynslu og þekkingu í tengslum við uppgjör, virkni dreifðrar færsluskrártækni og áhættumat og
- c) hafi veitt upplýst samþykki fyrir því að taka þátt í tilraunaverkefningu sem kveðið er á um í þessari reglugerð og séu upplýstir á fullnægjandi hátt um tilraunaeðli þess og hugsanlega áhættu sem tengist því.

6. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald veitt þeirri verðbréfamiðstöð undanþágu frá 33., 34. eða 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð leggi til mótvægisáðgerðir til að uppfylla markmið þessara greina og tryggi a.m.k. að:

- a) DFT-uppgjörskerfi birti opinberlega viðmið um þátttöku, sem veita öllum einstaklingum sem hyggjast verða þátttakendur sanngjarnan og opinn aðgang og að þessi viðmið séu gagnsæ, hlutlæg og án mismununar, og
- b) DFT-uppgjörskerfi birti opinberlega verð og gjöld sem tengjast þeirri uppgjörsþjónustu sem það veitir.

7. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald veitt þeirri verðbréfamiðstöð undanþágu frá 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð leggi til mótvægisáðgerðir til að uppfylla markmið þessarar greinar og tryggi að lágmarki, með traustu verklagi og fyrirkomulagi, að:

- a) DFT-uppgjörskerfi geri upp viðskipti með DFT-fjármálagerninga nálægt rauntíma eða innan dags og í öllum tilvikum eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir að viðskiptunum er lokið,
- b) DFT-uppgjörskerfi birti opinberlega þær reglur sem gilda um uppgjörskerfið, og
- c) DFT-uppgjörskerfi dragi úr áhættu sem stafar af því að DFT-uppgjörskerfi sé ekki tilgreint sem kerfi að því er varðar tilskipun 98/26/EB, einkum með tilliti til ógjaldfærni meðferðar.

Að því er varðar rekstur á DFT-uppgjörskerfi skal skilgreiningin á verðbréfamiðstöð í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 sem lögaðila sem rekur verðbréfauppgjörskerfi ekki leiða til þess að aðildarríkin verði að tilnefna og tilkynna DFT-uppgjörskerfi sem verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt tilskipun 98/26/EB. Aðildarríkjunum skal þó ekki aftrað frá því að tilnefna og tilkynna DFT-uppgjörskerfi sem verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt tilskipun 98/26/EB ef DFT-uppgjörskerfi uppfyllir kröfur þeirrar tilskipunar.

Þegar DFT-uppgjörskerfi er ekki tilnefnt og tilkynnt sem verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt tilskipun 98/26/EB skal verðbréfamiðstöðin sem rekur það DFT-uppgjörskerfi leggja til mótvægisáðgerðir til að draga úr áhættu sem leiðir af ógjaldfærni.

8. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald veitt þeirri verðbréfamiðstöð undanþágu frá 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð geri upp á grundvelli afhendingar gegn greiðslu.

Uppgjör greiðslna skal fara fram í seðlabankapeningum, þ.m.t. í tókuðu formi, ef það er hagkvæmt og tiltækt eða, ef það er ekki hagkvæmt og tiltækt, í gegnum reikning verðbréfamiðstöðvarinnar í samræmi við IV. bálk reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða í viðskiptabankapeningum, þ.m.t. í tókuðu formi, í samræmi við þann bálk, eða með því að nota „rafeyristóka“.

Þrátt fyrir aðra undirgrein þessarar málsgreinar gildir IV. bálkur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ekki um lánastofnun þegar hún gerir upp greiðslur í viðskiptabankapeningum við DFT-markaðsinnviði sem skráir DFT-fjármálagerninga með samanlagt markaðsvirði við frumskráningu á nýjum DFT-fjármálagerningi fer ekki umfram 6 milljarða evra, eins og það er reiknað út í samræmi við 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Ef uppgjörð á sér stað með því að nota viðskiptabankapeninga sem lánastofnun, sem IV. bálkur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 gildir ekki um í krafti þriðju undirgreinar þessarar málsgreinar, veitir eða ef uppgjör greiðslna fer fram með því að nota „rafeyristóka“ skal verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi greina, mæla, vakta, stýra og lágmarka alla áhættu sem stafar af notkun slíkra aðferða.

Þjónusta sem tengist „rafeyristókum“ sem jafngildir þeirri þjónustu sem skráð er í b- og c-lið C-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 skal veitt af verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi í samræmi við IV. bálk reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða lánastofnun.

9. Að beiðni verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi getur lögbært yfirvald undanþegið þá verðbréfamiðstöð frá 50., 51. eða 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að sú verðbréfamiðstöð sýni fram á að notkun dreifðrar færsluskrártækni sé ósamrýmanleg fornkerfum annarra verðbréfamiðstöðva eða annarra markaðsinnviða eða að veiting aðgangs að annarri verðbréfamiðstöð eða aðgangs að öðrum markaðsinnviðum sem nota fornkerfi myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað, miðað við umfang viðkomandi DFT-uppgjörskerfis.

Ef verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur fengið undanþágu í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal hún veita öðrum rekstraraðilum DFT-uppgjörskerfa eða öðrum rekstraraðilum DFT-viðskipta- og uppgjörskerfa aðgang að DFT-uppgjörskerfi sínu. Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi skal upplýsa lögbært yfirvald um fyrirætlan sína um að veita slíkan aðgang. Lögbært yfirvald getur bannað slíkan aðgang að því marki sem hann myndi hafa skaðleg áhrif á stöðugleika fjármálakerfis Sambandsins eða fjármálakerfis hlutaðeigandi aðildarríkis.

10. Þegar verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi óskar undanþágu skv. 2. til 9. mgr. skal hún sýna fram á að sú undanþága sem óskað er eftir sé:

- a) í réttu hlutfalli við og rökstudd með notkun dreifðrar færsluskrártækni, og
- b) takmörkuð við DFT-uppgjörskerfi og nái ekki til verðbréfauppgjörskerfis sem sama verðbréfamiðstöð rekur.

11. Ákvæði 2. til 10. mgr. þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um verðbréfafyrirtæki eða markaðsaðila sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja viðmiðunarreglur um þær mótvægisáðgerðir sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

### **Kröfur og undanþágur sem varða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi**

1. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi skal falla undir:
  - a) kröfurnar sem gilda um markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og tilskipun 2014/65/ESB og
  - b) að breyttu breytanda, kröfurnar sem gilda um verðbréfamiðstöðvar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, að undanskildum 9., 16., 17., 18., 20., 26., 27., 28., 31., 42., 43., 44., 46. og 47. gr. þeirrar reglugerðar.

Fyrsta undirgrein gildir ekki að því er varðar þær kröfur sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi hefur fengið undanþágu frá skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. til 9. mgr. 5. gr. þessarar greinar, að því tilskildu að verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar hlíti:

- a) ákvæðum 7. gr.,
- b) ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. og 2. til 10. mgr. 5. gr. og

c) hvers kyns mótvægisáðgerðum sem lögbært yfirvald telur viðeigandi til að uppfylla markmið ákvæða sem undanþágu er óskað frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.

2. Verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi skal falla undir:

a) kröfurnar sem gilda um verðbréfamiðstöðvar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, og

b) að breyttu breytanda, kröfurnar sem gilda um markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og tilskipun 2014/65/ESB, að undanskildri 5. til 13. gr. þeirrar tilskipunar.

Fyrsta undirgrein gildir ekki að því er varðar þær kröfur sem verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi hefur fengið undanþágu frá skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. til 9. mgr. 5. gr. þessarar greinar, að því tilskildu að verðbréfamiðstöðin hlíti:

a) ákvæðum 7. gr.,

b) ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. og 2. til 10. mgr. 5. gr. og

c) hvers kyns mótvægisáðgerðum sem lögbært yfirvald telur viðeigandi til að uppfylla markmið ákvæða sem undanþágu er óskað frá eða til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika.

#### 7. gr.

#### Viðbótarkröfur til DFT-markaðsinnviða

1. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu koma á fót skýrum og ítarlegum viðskiptaáætlunum sem lýsa því hvernig þeir hyggjast framkvæma þjónustu sína og starfsemi og þar sem fram skal koma lýsing á mikilvægu starfslíði, tæknilegum þáttum og notkun á dreifðri færsluskrártækni og þær upplýsingar sem krafist er skv. 3. mgr.

Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu einnig gera uppfærð, skýr og ítarleg skrifleg gögn aðgengileg öllum sem skilgreina þær reglur sem gilda um starfsemi DFT-markaðsinnviða og rekstraraðila þeirra, þ.m.t. lagaleg hugtök sem skilgreina réttindi, skyldur, ábyrgð og skuldbindingar rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, sem og aðila, þátttakenda, útgefenda og viðskiptavina sem nota DFT-markaðsinnviði. Slíkir lagaskilmálar skulu tilgreina gildandi lög, hvers kyns tilhögun á lausn deilumála á undan mál-sókn, hvers kyns ráðstafanir til verndar gegn ógjaldfærni samkvæmt tilskipun 98/26/EB og lögsögu þar sem hægt er að höfða mál. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða geta gert skrifleg gögn sín aðgengileg með rafrænum hætti.

2. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu koma á eða skjalfesta, eins og við á, reglur um virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem þeir nota, þ.m.t. reglur um aðgang að dreifðu færsluskránni, þátttöku sannreyningarhnúta, ráðstafanir gegn mögulegum hagsmunarárekstrum og áhættustýringu, þ.m.t. hvers kyns mótvægisráðstafanir til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika.

3. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu veita aðilum, þátttakendum, útgefendum og viðskiptavinum skýrar og ótvíræðar upplýsingar á vefsetri sínu um hvernig þeir sinna hlutverkum sínum, þjónustu og starfsemi og hvernig framkvæmd þeirra á þessum hlutverkum, þjónustu og starfsemi er frábrugðin framkvæmd þeirra á markaðstorgi fjármálagerninga eða verðbréfauppgjörskerfi sem byggir ekki á dreifðri færsluskrártækni. Þessar upplýsingar skulu taka til þeirrar gerðar dreifðrar færsluskrártækni sem er notuð.

4. Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu tryggja að heildarfyrirkomulag upplýsingatækni og netkerfa í tengslum við notkun á dreifðri færsluskrártækni sé í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig fyrirtækja þeirra. Þetta fyrirkomulag skal tryggja samfelldni og áframhaldandi gagnsæi, aðgengi, áreiðanleika og öryggi þjónustu og starfsemi þeirra, þ.m.t. áreiðanleika snjallsamninga sem notaðir eru á DFT-markaðsinnviðum. Þessar ráðstafanir skulu einnig tryggja heilleika, öryggi og trúnað að því er varðar öll gögn sem eru geymd hjá þessum rekstraraðilum og tryggja að þau séu tiltæk og aðgengileg.

Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu hafa sértækar verklagsreglur um rekstraráhættustýringu vegna áhættu sem stafar af notkun dreifðrar færsluskrártækni og sýndareigna og til að gera ráðstafanir til að bregðast við slíkri áhættu, komi hún fram.

Til að meta áreiðanleika heildarfyrirkomulags upplýsingatækni og netkerfa DFT-markaðsinnviða getur lögbært yfirvald krafist úttektar á þessu fyrirkomulagi. Ef lögbært yfirvald krefst úttektar skal það tilnefna óháðan endurskoðanda til að annast hana. Viðkomandi DFT-markaðsinnviðir skulu bera kostnað af úttektinni.

5. Ef rekstraraðili DFT-markaðsinnviða tryggir vörslu á fjármunum, veðtryggingum eða DFT-fjármálagerningum sem tilheyra aðilum, þátttakendum, útgefendum eða viðskiptavinum og tryggir aðgangsmöguleika að slíkum eignum, þ.m.t. á formi dulköðunarlykla, skal hann hafa fullnægjandi fyrirkomulag til staðar til að koma í veg fyrir að rekstraraðilinn noti þessar eignir fyrir eigin reikning án undangengins ótvíræðs skriflegs samþykkis viðkomandi aðila, þátttakanda, útgefanda eða viðskiptavinar, sem kann að vera gert með rafrænum hætti.

Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu viðhalda öruggum, nákvæmum, áreiðanlegum og endurheimtanlegum skráum yfir fjármuni, veðtryggingar og DFT-fjármálagerninga sem varðveitt eru á DFT-markaðsinnviðum þeirra fyrir aðila, þátttakendur, útgefendur eða viðskiptavini þeirra, sem og yfir aðgangsleiðir að þessum fjármunum, veðtryggingar og DFT-fjármálagerninga.

Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu aðgreina fjármuni, veðtryggingar og DFT-fjármálagerninga sem tilheyra aðilum, þátttakendum, útgefendum eða viðskiptavinum sem nota DFT-markaðsinnviði, og aðgangsleiðir að slíkum eignum, frá þeim sem tilheyra rekstraraðilanum og frá þeim sem tilheyra öðrum aðilum, þátttakendum, útgefendum og viðskiptavinum.

Heildarfyrirkomulagið á sviði upplýsingatækni og netkerfa sem um getur í 4. mgr. skal tryggja að þeir fjármunir, veðtryggingar og DFT-fjármálagerningar sem eru í vörslu DFT-markaðsinnviða fyrir aðila, þátttakendur, útgefendur eða viðskiptavini þeirra, sem og aðgangsleiðir að þeim, séu varðir gegn áhættu af óheimilum aðgangi, aðgangsbrotum, hnignun, tapi, netárásam, þjófnaði, svikum, gáleysi og öðrum alvarlegum rekstrartruflunum.

6. Ef um er að ræða tap á fjármagni, veðtryggingu eða DFT-fjármálagerningi skal rekstraraðili DFT-markaðsinnviða sem tapaði fjármuninum, veðtryggingunni eða DFT-fjármálagerningnum vera ábyrgur fyrir tapinu upp að markaðsvirði eignarinnar sem tapaðist. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal ekki vera ábyrgur fyrir tapi ef hann færir sönnur á að tapið sé til komið vegna ytri atburðar, sem ekki er hægt að ætlast til af sanngírni að hann fái ráðið við, sem hefði haft óviðráðanlegar afleiðingar í för með sér þrátt fyrir eðlilegar ráðstafanir um annað.

Rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða skulu koma á gagnsæju og fullnægjandi fyrirkomulagi til að tryggja fjárfestavernd og skulu koma á fyrirkomulagi til að meðhöndla kvartanir viðskiptavina og verklagi vegna bóta eða úrlausna deilumála þegar fjárfestir verður fyrir tapi vegna einhverra þeirra aðstæðna, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar eða þegar rekstri er hætt vegna einhverra þeirra aðstæðna, sem um getur í 8. gr. (13. mgr.), 9. gr. (11. mgr.) og 10. gr. (10. mgr.).

Lögbært yfirvald getur ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig, að krefjast viðbótarvarfærnisráðstafana af rekstraraðila DFT-markaðsinnviða á formi eiginfjárgrunns eða váttryggingarsamnings ef það telur að hugsanleg ábyrgð á skaðabótum til viðskiptavina rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, vegna einhverra þeirra aðstæðna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, falli ekki nægilega vel undir þær varfærniskröfur sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 <sup>(18)</sup>, tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 <sup>(19)</sup>, til að tryggja fjárfestavernd.

7. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal koma á og gera aðgengilega öllum skýra og ítarlega áætlun til að draga úr starfsemi tiltekinna DFT-markaðsinnviða eða til að hverfa frá, eða hætta að reka, tiltekna DFT-markaðsinnviði („umbreytingaráætlun“), þ.m.t. umbreytingu eða breytingu á notkun dreifðrar færsluskráartækni yfir í hefðbundna markaðsinnviði, ef um er að ræða:

a) að farið hafi verið fram yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. mgr. 3. gr.,

<sup>(18)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

<sup>(19)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærnisefirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtið. L 314, 5.12.2019, bls. 64).

- b) að sértækt leyfi eða undanþága sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð verði dregin til baka eða lögð niður með öðrum hætti, þ.m.t. ef sértæka leyfið eða undanþágan er lögð niður vegna þeirra atburða sem fram koma í 2. mgr. 14. gr., eða
- c) hvers kyns sjálfviljuga eða þvingaða stöðvun á rekstri viðkomandi DFT-markaðsinnviða.

Umbreytingaráætlunin skal vera tímanlega tilbúin til notkunar.

Í umbreytingaráætluninni skal setja fram hvernig meðhöndla eigi aðila, þátttakendur, útgefendur og viðskiptavinum ef sértækt leyfi er lagt niður eða rekstur stöðvaður, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í umbreytingaráætluninni skal setja fram hvernig vernda eigi viðskiptavinum, einkum almenna fjárfesta, fyrir hvers kyns óhóflegum áhrifum þess að sértækt leyfi er lagt niður eða rekstri hætt. Umbreytingaráætlunina skal uppfæra jafnóðum, með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds.

Í umbreytingaráætluninni skal tilgreina hvað eigi að gera ef farið er yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. mgr. 3. gr.

8. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilar markaða sem aðeins hafa leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga skv. 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar og gefa ekki til kynna í umbreytingaráætlunum sínum að þau hafi í hyggju að fá starfsleyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, sem og verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, skulu kappkosta að gera samkomulag við verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem reka markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB um að yfirtaka starfsemi sína og skulu tilgreina það samkomulag í umbreytingaráætlunum sínum.

9. Verðbréfamiðstöðvar sem reka DFT-uppgjörskerfi og hafa aðeins leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi skv. 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar og gefa ekki til kynna í umbreytingaráætlunum sínum að þær hafi í hyggju að fá starfsleyfi til að reka verðbréfauppgjörskerfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, og verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilar markaða sem reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, skulu leggja sig fram um að gera samkomulag við verðbréfamiðstöðvar sem reka verðbréfauppgjörskerfi um að taka yfir starfsemi sína og skulu tilgreina það samkomulag í umbreytingaráætlunum sínum.

Verðbréfamiðstöðvar sem reka verðbréfauppgjörskerfi sem fá beiðni um að gera það samkomulag sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu svara innan þriggja mánaða frá viðtökudegi beiðninnar. Verðbréfamiðstöðin sem rekur verðbréfauppgjörskerfið skal gera samkomulagið á jafnréttisgrundvelli og getur innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun á grundvelli raunkostnaðar. Hún skal því aðeins neita slíkri beiðni að hún telji að samkomulagið myndi hafa áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi fjármála markaðanna eða valda kerfisáhættu. Hún skal ekki neita beiðni á grundvelli taps á markaðshlutdeild. Neiti hún beiðni skal hún upplýsa rekstraraðila DFT-markaðsinnviða skriflega um ástæður þess.

10. Gera skal samkomulagið sem um getur í 8. og 9. mgr. eigi síðar en fimm árum eftir daginn sem sértæka leyfið var veitt eða fyrr ef lögbært yfirvald krefst þess til að bregðast við hvers konar hættu á niðurfellingu sértæka leyfisins áður en gildistími þess rennur út.

8. gr.

### Sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga

1. Lögaðili sem hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða heimild til að reka skipulegan markað samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB getur sótt um sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ef lögaðili sækir um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða um starfsleyfi til að reka skipulegan markað samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og sækir samtímis um sértækt leyfi samkvæmt þessari grein, í þeim eina tilgangi að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga, skal lögbært yfirvald ekki meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur tilskipunar 2014/65/ESB sem hann hefur farið fram á undanþágu frá í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þegar lögaðili sækir samtímis um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða um starfsleyfi til að reka skipulegan markað og um sértækt leyfi skal hann leggja fram í umsókn sinni þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að undanskildum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru til að sýna fram á uppfyllingu þeirra krafna sem umsækjandi hefur óskað eftir undanþágu frá í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar.

4. Í umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt þessari reglugerð skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) viðskiptaáætlun umsækjanda, reglur DFT-markaðstorgs fjármálagerninga og lagaskilmálar sem um getur í 1. mgr. 7. gr., sem og upplýsingar varðandi starfshætti, þjónustu og starfsemi DFT-markaðstorgs fjármálagerninga eins og um getur í 3. mgr. 7. gr.,
- b) lýsing á virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem notuð er, eins og um getur í 2. mgr. 7. gr.,
- c) lýsing á heildarfyrirkomulagi umsækjanda á sviði upplýsingatækni og netkerfa, eins og um getur í 4. mgr. 7. gr.,
- d) gögn um að umsækjandi hafi gert fullnægjandi varfærnisráðstafanir til að standa við skuldbindingar sínar og til að greiða viðskiptavinum sínum bætur, eins og um getur í þriðju undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
- e) eftir atvikum, lýsing á vörslufyrirkomulagi fyrir DFT-fjármálagerninga viðskiptavina, eins og um getur í 5. mgr. 7. gr.,
- f) lýsing á ráðstöfunum til að tryggja fjárfestavernd og lýsing á fyrirkomulagi til að meðhöndla kvartanir viðskiptavina og úrlausn deilumála, eins og um getur í annarri undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
- g) umbreytingaráætlun umsækjanda og
- h) þær undanþágur sem umsækjandi óskar eftir skv. 4. gr., rökstuðning fyrir sérhverri undanþágu sem farið er fram á og hvers kyns mótvægisáðgerðir sem eru lagðar til og með hvaða hætti hann hyggst uppfylla þau skilyrði sem fylgja þessum undanþágum.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 23. mars 2023 þróa viðmiðunarreglur til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum að því er varðar 4. mgr.

6. Lögbært yfirvald skal meta hvort umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga sé fullnægjandi innan 30 virkra daga frá viðtökudegi hennar. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal lögbært yfirvald veita umsækjandanum frest til að veita þær upplýsingar sem vantar eða viðbótarupplýsingar. Lögbært yfirvald skal upplýsa umsækjanda þegar það telur umsóknina vera fullgerða.

Um leið og lögbært yfirvald telur umsóknina vera fullnægjandi skal það senda afrit af henni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

7. Ef nauðsyn krefur til að stuðla að samræmi og meðalhófi undanþága, eða ef nauðsyn krefur til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innan 30 almanaksdaga frá móttöku afrits af þeirri umsókn veita lögbæru yfirvaldi álit, sem ekki er bindandi, um þær undanþágur sem óskað er eftir eða hvort sú gerð dreifðrar færsluskrártækni sem notuð er að því er varðar þessa reglugerð sé fullnægjandi.

Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir álit sem ekki er bindandi skal hún hafa samráð við lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum og taka ýtrasta tillit til sjónarmiða þeirra þegar hún gefur álit sitt.

Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefur út álit sem ekki er bindandi skal lögbært yfirvald taka tilhlýðilegt tillit til þess álits og veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni yfirlýsingu um hvers kyns veruleg frávik frá því áliti ef hún óskar þess. Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og yfirlýsing lögbærs yfirvalds skulu ekki gerð opinber.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 24. mars 2025 þróa viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmi og meðalhófi í:

- a) undanþágum sem veittar eru rekstraraðilum DFT-markaðstorga fjármálagerninga í gervöllu Sambandinu, þ.m.t. í tengslum við mat á því hvort mismunandi gerðir dreifðrar færsluskrártækni, sem rekstraraðilar DFT-markaðstorga fjármálagerninga nota, séu fullnægjandi að því er varðar þessa reglugerð og
- b) nýtingu valkostarins sem kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.

Þessar viðmiðunarreglur skulu tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal uppfæra þessar viðmiðunarreglur reglulega.

9. Innan 90 virkra daga frá viðtökudegi fullnægjandi umsóknar um sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga skal lögbært yfirvald framkvæma mat á umsókn og ákveða hvort veita eigi sértækt leyfi. Ef umsækjandi sækir samtímis um starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og sértækt leyfi samkvæmt þessari reglugerð má framlengja matstímabilið upp í þann tíma sem tilgreindur er í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

10. Með fyrirvara um 7. og 44. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal lögbært yfirvald synja um veitingu sértæks leyfis til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga, ef ástæða er til að ætla að:

- a) umtalsverð áhætta sé fyrir hendi að því er varðar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika, sem umsækjandi takist ekki á við og dragi úr á tilhlýðilegan hátt,
- b) farið sé fram á sértækt leyfi til að reka DFT-markaðstorg fjármálagerninga og undanþágur í því skyni að sniðganga laga- eða reglugerðarákvæði, eða
- c) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga muni ekki geta hlítt eða gert notendum sínum kleift að hlíta viðeigandi ákvæðum laga Sambandsins eða ákvæðum landslaga sem falla utan lagasviðs Sambandsins.

11. Sértækt leyfi skal gilda í gervöllu Sambandinu í allt að sex ár frá útgáfudegi. Í sértæka leyfinu skulu tilgreindar þær undanþágur sem eru veittar í samræmi við 4. gr., hvers kyns mótvægisáðgerðir og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbært yfirvald ákvarðar í samræmi við 6. mgr. 3. gr.

Lögbært yfirvald skal án tafar upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um veitingu, synjun eða afturköllun sértæks leyfis samkvæmt þessari grein, þ.m.t. um upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu:

- a) skrá yfir DFT-markaðstorg fjármálagerninga, upphafs- og lokadagsetningar sértækra leyfa þeirra, skrá yfir undanþágur sem hverju þeirra eru veittar og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbær yfirvöld hafa ákveðið fyrir hvert þeirra, og
- b) heildarfjölda beiðna um undanþágur sem hafa verið lagðar fram skv. 4. gr., og skal tilgreina fjölda og tegundir undanþága sem hafa verið veittar eða synjað um veitingu, ásamt rökstuðningi fyrir hvers kyns synjunum.

Þær upplýsingar sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar skulu birtar undir nafnleynd.

12. Án þess að hafa áhrif á 8. og 44. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal lögbært yfirvald afturkalla sértækt leyfi eða tengdar undanþágur ef:

- a) galli hefur komið í ljós í virkni dreifðu færsluskartækninnar sem notuð er eða í þjónustu og starfsemi rekstraraðila DFT-markaðstorgs fjármálagerninga sem stofnar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika í hættu og áhættan vegur þyngra en ávinningurinn af þeirri þjónustu og starfsemi sem tilraunin tekur til,
- b) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur brotið gegn þeim skilyrðum sem fylgja undanþágunum,
- c) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur tekið til viðskipta fjármálagerninga sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr.,
- d) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,
- e) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og ekki virkjað umbreytingaráætlunina eða
- f) rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hefur fengið sértækt leyfi eða tengdar undanþágur á grundvelli villandi upplýsinga eða þess að veigamiklar upplýsingar vantar.



13. Ef rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga hyggst gera veigamiklar breytingar á virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem notuð er eða þjónustu eða starfsemi þess rekstraraðila og sú veigamikla breyting krefst nýs sértæks leyfis, nýrrar undanþágu eða breytingar á einni eða fleiri gildandi undanþágum rekstraraðilans eða skilyrðum sem fylgja undanþágu skal rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga óska eftir nýju sértæku leyfi, undanþágu eða breytingu.

Ef rekstraraðili DFT-markaðstorgs fjármálagerninga fer fram á nýtt sértækt leyfi, undanþágu eða breytingu, gildir verklagið sem sett er fram í 4. gr. Lögbært yfirvald skal annast afgreiðslu þeirrar beiðni í samræmi við þessa grein.

9. gr.

### Sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi

1. Lögaðili sem hefur starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 getur sótt um sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð.
2. Ef lögaðili sækir um starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og sækir samtímis um sértækt leyfi samkvæmt þessari grein í þeim eina tilgangi að reka DFT-uppgjörskerfi skal lögbært yfirvald ekki meta hvort umsækjandi uppfylli þessar kröfur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 sem hann hefur farið fram á undanþágu frá í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar.
3. Þegar lögaðili sækir samtímis um starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, og um sérstakt starfsleyfi skal hann leggja fram í umsókn sinni þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að undanskildum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru til að sýna fram á uppfyllingu þeirra krafna sem umsækjandi hefur óskað eftir undanþágu frá í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar.
4. Í umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
  - a) viðskiptaáætlun umsækjanda, reglur DFT-uppgjörskerfis og lagaskilmálar sem um getur í 1. mgr. 7. gr., sem og upplýsingar varðandi starfshætti, þjónustu og starfsemi DFT-uppgjörskerfis sem um getur í 3. mgr. 7. gr.,
  - b) lýsing á virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem notuð er, eins og um getur í 2. mgr. 7. gr.,
  - c) lýsing á heildarfyrirkomulagi umsækjanda á sviði upplýsingatækni og netkerfa eins og um getur í 4. mgr. 7. gr.,
  - d) gögn um að umsækjandi hafi gert fullnægjandi varfærnisráðstafanir til að standa við skuldbindingar sínar og til að greiða viðskiptavinum sínum bætur, eins og um getur í þriðju undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
  - e) eftir atvikum, lýsing á vörslufyrirkomulagi fyrir DFT-fjármálagerninga viðskiptavina, eins og um getur í 5. mgr. 7. gr.,
  - f) lýsing á ráðstöfunum til að tryggja fjárfestavernd og lýsing á fyrirkomulagi til að meðhöndla kvartanir viðskiptavina og úrlausn deilumála, eins og um getur í annarri undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
  - g) umbreytingaráætlun umsækjanda og
  - h) þær undanþágur sem umsækjandi óskar eftir skv. 5. gr., rökstuðningur fyrir sérhverri undanþágu sem farið er fram á og hvers kyns mótvægisáðgerðir sem eru lagðar til og með hvaða hætti hann hyggst uppfylla þau skilyrði sem fylgja þessum undanþágum.
5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 23. mars 2023 þróa viðmiðunarreglur til að koma á stöðluðum eyðublaðum, sniðum og sniðmátum að því er varðar 4. mgr.

6. Lögbært yfirvald skal meta hvort umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi sé fullnægjandi innan 30 virkra daga frá viðtökudegi umsóknar. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal lögbært yfirvald veita umsækjandanum frest til að veita þær upplýsingar sem vantar eða viðbótarupplýsingar. Lögbært yfirvald skal upplýsa umsækjanda þegar það telur umsóknina vera fullgerða.

Um leið og lögbært yfirvald telur umsóknina vera fullnægjandi skal það senda afrit af henni til:

- a) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og
- b) viðeigandi yfirvalda sem tilgreind eru í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

7. Ef nauðsyn krefur til að stuðla að samræmi og meðalhófi undanþága, eða ef nauðsyn krefur til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innan 30 almanaksdaga frá móttöku afrits af þeirri umsókn veita lögbæru yfirvaldi álit, sem ekki er bindandi, um þær undanþágur sem óskað er eftir eða hvort sú gerð dreifðrar færsluskrártækni sem notuð er að því er varðar þessa reglugerð sé fullnægjandi.

Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir álit sem ekki er bindandi skal hún hafa samráð við lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum og taka ýtrasta tillit til sjónarmiða þeirra þegar hún gefur álit sitt.

Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefur út álit sem ekki er bindandi skal lögbært yfirvald taka tilhlýðilegt tillit til þess álits og veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni yfirlýsingu um hvers kyns veruleg frávík frá því áliti ef hún óskar þess. Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og yfirlýsing lögbærs yfirvalds skulu ekki gerð opinber.

Viðeigandi yfirvöld, sem tilgreind eru í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skulu innan 30 almanaksdaga frá móttöku afrits af umsókninni veita lögbæru yfirvaldi álit sem ekki er bindandi um eiginleika DFT-uppgjörkerfis sem umsækjandi rekur.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 24. mars 2025 þróa viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmi og meðalhófi í:

- a) undanþágum sem veittar eru verðbréfamiðstöðvum sem reka DFT-uppgjörskerfi í gervöllu Sambandinu, þ.m.t. í tengslum við mat á því hvort mismunandi gerðir dreifðrar færsluskrártækni sem markaðsaðilar nota séu fullnægjandi að því er varðar þessa reglugerð, og
- b) nýtingu valkostarins sem kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.

Þessar viðmiðunarreglur skulu tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal uppfæra þessar viðmiðunarreglur reglulega.

9. Lögbært yfirvald skal framkvæma mat á umsókn og ákveða hvort veita eigi sértækt leyfi, innan 90 virkra daga frá viðtökudegi fullnægjandi umsóknar um sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi. Ef umsækjandi sækir samtímis um leyfi sem verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og um sértækt leyfi samkvæmt þessari reglugerð má framlengja matstímabilið upp í þann tíma sem tilgreindur er í 8. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

10. Með fyrirvara um 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald synja um veitingu sértæks leyfis til að reka DFT-uppgjörskerfi ef ástæða er til að ætla að:

- a) umtalsverð áhætta sé fyrir hendi að því er varðar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika, sem umsækjandi takist ekki á við og dragi úr á tilhlýðilegan hátt,
- b) farið sé fram á sértækt leyfi til að reka DFT-uppgjörskerfi og undanþágur í því skyni að sniðganga laga- eða reglugerðar-ákvæði, eða
- c) verðbréfamiðstöð muni ekki geta hlítt eða gert notendum sínum kleift að hlíta viðeigandi ákvæðum laga Sambandsins eða ákvæðum landslaga sem falla utan lagasviðs Sambandsins.

11. Sérþækt leyfi skal gilda í gervöllu Sambandinu í allt að sex ár frá útgáfudegi. Í sérþæka leyfinu skulu tilgreindar þær undanþágur sem eru veittar í samræmi við 5. gr., hvers kyns mótvægisáðgerðir og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbært yfirvald ákvarðar í samræmi við 6. mgr. 3. gr.

Lögbært yfirvald skal án tafar upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi yfirvöld sem tilgreind eru í 7. mgr. þessarar greinar um veitingu, synjun eða afturköllun sérþæks leyfis samkvæmt þessari grein, þ.m.t. upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu:

- a) skrá yfir DFT-uppgjörskerfi, upphafs- og lokadagsetningar sérþækra leyfa þeirra, skrá yfir undanþágur sem sérhverju þeirra eru veittar og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbær yfirvöld hafa ákveðið fyrir sérhvert þeirra og
- b) heildarfjöldi beiðna um undanþágur sem hafa verið lagðar fram skv. 5. gr. og skal tilgreina fjölda og tegundir undanþága sem hafa verið veittar eða synjað um veitingu ásamt rökstuðningi fyrir hvers kyns synjunum.

Þær upplýsingar sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar skulu birtar undir nafnleynd.

12. Með fyrirvara um 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald afturkalla sérþæk leyfi eða tengdar undanþágur ef:

- a) galli hefur komið í ljós í virkni dreifðu færsluskráartækninnar sem notuð er eða í þjónustu og starfsemi verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi sem stofnar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika í hættu og áhættan vegur þyngra en ávinningurinn af þeirri þjónustu og starfsemi sem tilraunin tekur til,
- b) verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur brotið gegn þeim skilyrðum sem fylgja undanþágunum,
- c) verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur skráð fjármálagerninga sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr.,
- d) verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,
- e) verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og ekki virkjað umbreytingaráætlunina eða
- f) verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hefur fengið sérþækt leyfi eða tengdar undanþágur á grundvelli villandi upplýsinga eða þess að veigamiklar upplýsingar vantar.

13. Ef verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi hyggst gera veigamiklar breytingar á starfsemi dreifðrar færsluskráartækni sem notuð er eða þjónustu eða starfsemi þeirrar verðbréfamiðstöðvar og sú veigamikla breyting krefst nýs sérþæks leyfis, nýrrar undanþágu eða breytingar á einni eða fleiri gildandi undanþágum þeirrar verðbréfamiðstöðvar eða skilyrðum sem tengjast undanþágu skal verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi óska eftir nýju sérþæku leyfi, undanþágu eða breytingu.

Ef verðbréfamiðstöð sem rekur DFT-uppgjörskerfi fer fram á nýtt sérþækt leyfi, undanþágu eða breytingu, gildir verklagið sem sett er fram í 5. gr. Lögbært yfirvald skal annast afgreiðslu þeirrar beiðni í samræmi við þessa grein.

*10. gr.*

### **Sérþækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi**

1. Lögaðili sem hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða heimild til að reka skipulegan markað samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, eða starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, getur sótt um sérþækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ef lögaðili sækir um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða um starfsleyfi til að reka skipulegan markað samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, eða sem verðbréfamiðstöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014, og sækir samtímis um sérþækt leyfi samkvæmt þessari grein, í þeim eina tilgangi að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, skal lögbært yfirvald ekki meta hvort umsækjandi uppfylli þessar kröfur tilskipunar 2014/65/ESB eða kröfur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 sem hann hefur farið fram á undanþágu frá í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þegar lögaðili sækir samtímis um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða um starfsleyfi til að reka skipulegan markað, eða um starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð, og um sérstakt starfsleyfi skal hann leggja fram í umsókn sinni þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eftir því sem við á, að undanskildum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru til að sýna fram á uppfyllingu þeirra krafna sem umsækjandi hefur óskað eftir undanþágu frá í samræmi við 6. gr. þessarar reglugerðar.

4. Í umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi samkvæmt þessari reglugerð skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) viðskiptaáætlun umsækjanda, reglur DFT-viðskipta- og uppgjörkerfis og lagaskilmálar sem um getur í 1. mgr. 7. gr., sem og upplýsingar varðandi starfshætti, þjónustu og starfsemi DFT-viðskipta- og uppgjörkerfis sem um getur í 3. mgr. 7. gr.,
- b) lýsing á virkni þeirrar dreifðu færsluskrártækni sem notuð er, eins og um getur í 2. mgr. 7. gr.,
- c) lýsing á heildarfyrirkomulagi umsækjanda á sviði upplýsingatækni og netkerfa eins og um getur í 4. mgr. 7. gr.,
- d) gögn um að umsækjandi hafi gert fullnægjandi varfærnisráðstafanir til að standa við skuldbindingar sínar og til að greiða viðskiptavinum sínum bætur, eins og um getur í þriðju undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
- e) eftir atvikum, lýsing á vörslufyrirkomulagi fyrir DFT-fjármálagerninga viðskiptavina, eins og um getur í 5. mgr. 7. gr.,
- f) lýsing á ráðstöfunum til að tryggja fjárfestavernd og lýsing á fyrirkomulagi til að meðhöndla kvartanir viðskiptavina og úrlausn deilumála, eins og um getur í annarri undirgrein 6. mgr. 7. gr.,
- g) umbreytingaráætlun umsækjanda, og
- h) þær undanþágur sem umsækjandinn óskar eftir skv. 6. gr., rökstuðning fyrir sérhverri undanþágu sem farið er fram á og hvers kyns mótvægisáðgerðir sem eru lagðar til og með hvaða hætti hann hyggst uppfylla þau skilyrði sem fylgja þessum undanþágum.

5. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar skal umsækjandi sem hyggst reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar leggja fram upplýsingar um hvernig hann hyggst uppfylla gildandi kröfur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru til að sýna fram á uppfyllingu þeirra krafna sem umsækjandi hefur óskað eftir undanþágu frá í samræmi við þá grein.

Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar skal umsækjandi sem hyggst reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð leggja fram upplýsingar um hvernig hann hyggst uppfylla gildandi kröfur tilskipunar 2014/65/ESB, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru til að sýna fram á uppfyllingu þeirra krafna sem umsækjandi hefur óskað eftir undanþágu frá í samræmi við þá grein.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 23. mars 2023 þróa viðmiðunarreglur til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum að því er varðar 4. mgr.

7. Lögbært yfirvald skal meta hvort umsóknin sé fullnægjandi, innan 30 virkra daga frá viðtökudegi umsóknar um sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal lögbært yfirvald veita umsækjandanum frest til að veita þær upplýsingar sem vantar eða viðbótarupplýsingar. Lögbært yfirvald skal upplýsa umsækjanda þegar það telur umsóknina vera fullgerða.

Um leið og lögbært yfirvald telur umsóknina vera fullnægjandi skal það senda afrit af henni til:

- a) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og
- b) viðeigandi yfirvalda sem tilgreind eru í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

8. Ef nauðsyn krefur til að stuðla að samræmi og meðalhófi undanþága, eða ef nauðsyn krefur til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innan 30 almanaksdaga frá móttöku afrits af þeirri umsókn veita lögbæru yfirvaldi álit, sem ekki er bindandi, um þær undanþágur sem óskað er eftir eða hvort sú gerð dreifðar færsluskráartækni sem notuð er að því er varðar þessa reglugerð sé fullnægjandi.

Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir álit sem ekki er bindandi skal hún hafa samráð við lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum og taka ýtrasta tillit til sjónarmiða þeirra þegar hún gefur álit sitt.

Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefur út álit sem ekki er bindandi skal lögbært yfirvald taka tilhlýðilegt tillit til þess álits og veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni yfirlýsingu um hvers kyns veruleg frávik frá því álitu ef hún óskar þess. Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og yfirlýsing lögbærs yfirvalds skulu ekki gerð opinber.

Viðeigandi yfirvöld, sem tilgreind eru í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skulu, innan 30 almanaksdaga frá móttöku afrits af umsókninni, veita lögbæra yfirvaldinu álit sem ekki er bindandi um eiginleika DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis sem umsækjandi rekur.

9. Lögbært yfirvald skal, innan 90 virkra daga frá viðtökudegi fullnægjandi umsóknar, framkvæma mat á umsókn um sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi og ákveða hvort veita eigi sértækt leyfi. Ef umsækjandi sækir samtímis um leyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB eða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og um sértækt leyfi samkvæmt þessari grein má framlengja matstímabilið upp í þann tíma sem tilgreindur er í 3 mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða 8. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eftir því sem við á.

10. Með fyrirvara um 7. og 44. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald synja um veitingu sértæks leyfis til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, ef ástæða er til að ætla að:

- a) umtalsverð áhætta sé fyrir hendi að því er varðar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika, sem umsækjandi takist ekki á við og dragi úr á tilhlýðilegan hátt,
- b) farið sé fram á sértækt leyfi til að reka DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi og undanþágur í því skyni að sniðganga laga- eða reglugerðarákvæði eða
- c) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis muni ekki geta hlítt eða gert notendum sínum kleift að hlíta viðeigandi ákvæðum laga Sambandsins eða ákvæðum landslaga sem falla utan lagasviðs Sambandsins.

11. Sértækt leyfi skal gilda í gervöllu Sambandinu í allt að sex ár frá útgáfudegi. Í sértæka leyfinu skulu tilgreindar þær undanþágur sem eru veittar í samræmi við 6. gr., hvers kyns mótvægisáðgerðir og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbært yfirvald ákvarðar í samræmi við 6. mgr. 3. gr.

Lögbært yfirvald skal án tafar upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi yfirvöld sem tilgreind eru í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 um veitingu, synjun eða afturköllun sértæks leyfis samkvæmt þessari grein, þ.m.t. upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu:

- a) skrá yfir DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, upphafs- og lokadagsetningar sértækra leyfa þeirra, skrá yfir undanþágur sem sérhverju þeirra eru veittar og hvers kyns lægri viðmiðunarmörk sem lögbær yfirvöld hafa ákveðið fyrir sérhvert þeirra, og
- b) heildarfjölda beiðna um undanþágur sem hafa verið lagðar fram skv. 6. gr. og skal tilgreina fjölda og tegundir undanþága sem hafa verið veittar eða synjað um veitingu ásamt rökstuðningi fyrir hvers kyns synjunum.

Þær upplýsingar sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar skulu birtar undir nafnleynd.

12. Með fyrirvara um 8. og 44. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald afturkalla sértæk leyfi eða tengdar undanþágur ef:

- a) galli hefur komið í ljós í virkni dreifðu færsluskrártækninnar sem notuð er eða í þjónustu og starfsemi rekstraraðila DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis, sem stofnar fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika í hættu og áhættan vegur þyngra en ávinningurinn af þeirri þjónustu og starfsemi sem tilraunin tekur til,
- b) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hefur brotið gegn þeim skilyrðum sem fylgja undanþágunum,
- c) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hefur tekið til viðskipta eða skráð fjármálagerninga sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr.,
- d) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,
- e) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hefur farið yfir þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. mgr. 3. gr. og ekki virkjað umbreytingaráætlunina, eða
- f) rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hefur fengið sértækt leyfi eða tengdar undanþágur á grundvelli villandi upplýsinga eða þess að veigamiklar upplýsingar vantar.

13. Ef rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis hyggst gera veigamiklar breytingar á starfsemi dreifðrar færsluskrártækni sem notuð er eða þjónustu eða starfsemi þess rekstraraðila og sú veigamikla breyting krefst nýs sértæks leyfis, nýrrar undanþágu eða breytingar á einni eða fleiri gildandi undanþágum rekstraraðilans eða skilyrðum sem tengjast undanþágu skal rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis óska eftir nýju sértæku leyfi, undanþágu eða breytingu.

Ef rekstraraðili DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis fer fram á nýtt sértækt leyfi, undanþágu eða breytingu gildir verklagið sem sett er fram í 6. gr. Lögbært yfirvald skal annast afgreiðslu þeirrar beiðni í samræmi við þessa grein.

*11. gr.*

#### **Samstarf milli rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar**

1. Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB skulu rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða starfa með lögbærum yfirvöldum.

Einkum skulu rekstraraðilar DFT-markaðsinnviða tilkynna lögbærum yfirvöldum án tafar um leið og þeir verða varir við eitthvað af eftirfarandi:

- a) hvers kyns fyrirhugaðar efnislegar breytingar á viðskiptaáætlun þeirra, þ.m.t. breytingar í tengslum við mikilvæga starfsmenn, reglur um DFT-markaðsinnviði og lagaskilmála,
- b) hvers kyns gögn um óheimilan aðgang, veigamiklar bilanir, tap, netárásir eða aðrar netógnir, svik, þjófnað eða aðrar alvarlegar truflanir sem rekstraraðili DFT-markaðsinnviða verður fyrir,
- c) hvers kyns veigamiklar breytingar á þeim upplýsingum sem lögbæru yfirvaldi hafa verið veittar,
- d) hvers kyns tæknilega eða rekstrarlega erfiðleika við að framkvæma starfsemi eða veita þjónustu sem fellur undir sértækt leyfi, þ.m.t. erfiðleika í tengslum við þróun eða notkun á dreifðri færsluskrártækni og DFT-fjármálagerningum, eða
- e) hvers kyns áhættu sem hefur áhrif á vernd fjárfesta, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika og ekki var gert ráð fyrir í umsókn um sértækt leyfi eða sem ekki var gert ráð fyrir þegar sértækt leyfi var veitt.

Tilkynna skal um breytingar sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar a.m.k. fjórum mánuðum áður en breytingin er fyrirhuguð, án tillits til þess hvort fyrirhuguð veruleg breyting útheimti breytingu á sértæku leyfi eða tengdum undanþágum eða skilyrðum sem tengjast þessum undanþágum í samræmi við 8., 9. eða 10. gr.

Ef tilkynnt er um málin sem talin eru upp í a- til e-lið annarrar undirgreinar getur lögbært yfirvald krafist þess að rekstraraðili DFT-markaðsinnviða leggi fram umsókn í samræmi við 8. gr. (13. mgr.), 9. gr. (13. mgr.) eða 10. gr. (13. mgr.) eða krafist þess að rekstraraðili DFT-markaðsinnviða grípi til ráðstafana til úrbóta eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal veita lögbæru yfirvaldi allar viðeigandi upplýsingar sem það fer fram á.
3. Lögbært yfirvald getur krafist hvers kyns ráðstafana til úrbóta að því er varðar viðskiptaáætlun rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, reglur um DFT-markaðsinnviði og lagaskilmála til að tryggja fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármála-stöðugleika. Rekstraraðili DFT-markaðsinnviða skal gera grein fyrir framkvæmd allra ráðstafana til úrbóta sem lögbært yfirvald krefst í skýrslum sínum, eins og um getur í 4. mgr.
4. Á sex mánaða fresti frá dagsetningu sértæks leyfis skal rekstraraðili DFT-markaðsinnviða leggja skýrslu fyrir lögbært yfirvald. Í þeirri skýrslu skulu vera:
  - a) samantekt á þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í annarri undirgrein 1. mgr.,
  - b) fjöldi og virði DFT-fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á DFT-markaðstorgi fjármálagerninga eða í DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi og fjöldi og virði DFT-fjármálagerninga sem rekstraraðili DFT-uppgjörskerfis eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis skráir,
  - c) fjöldi og virði viðskipta sem fara fram á DFT-markaðstorgi fjármálagerninga eða í DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi, og rekstraraðili DFT-uppgjörskerfis eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfis gerir upp,
  - d) rökstutt mat á hvers kyns erfiðleikum við að beita löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu eða landslögum, og
  - e) allar aðgerðir sem gerðar eru til að uppfylla þau skilyrði sem fylgja undanþágunum eða til að framkvæma hvers kyns mótvægisáðgerðir eða ráðstafanir til úrbóta sem lögbært yfirvald gerir kröfu um.
5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa samræmingarhlutverk gagnvart lögbærum yfirvöldum með það í huga að bygga upp sameiginlegan skilning á dreifðri færsluskrártækni og DFT-markaðsinnviðum, koma á sameiginlegri eftirlitsmenningu og samleitni eftirlitsvenja og tryggja samræmda nálgun og samleitni í eftirlitsniðurstöðum.

Lögbær yfirvöld skulu framsenda upplýsingar og skýrslur sem þau fá frá rekstraraðilum DFT-markaðsinnviða tímanlega til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar og upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um allar ráðstafanir sem gripið er til skv. 3. mgr. þessarar greinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal reglulega upplýsa lögbær yfirvöld um:

- a) hvers kyns skýrslur sem lagðar eru fram skv. 4. mgr. þessarar greinar,
  - b) hvers kyns sértæk leyfi og undanþágur sem veittar eru samkvæmt þessari reglugerð sem og þau skilyrði sem tengjast þessum undanþágum,
  - c) hvers kyns synjun lögbærs yfirvalds um sértækt leyfi eða undanþágu, afturköllun á sértæku leyfi eða undanþágu og stöðvun viðskipta hjá DFT-markaðsinnviðum.
6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með beitingu sértækra leyfa og tengdum undanþágum og skilyrðum sem tengjast þessum undanþágum, sem og hvers kyns mótvægisáðgerðum eða ráðstöfunum til úrbóta sem lögbær yfirvöld gera kröfu um. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram ársskýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvernig slíkum sértækum leyfum, undanþágum, skilyrðum og mótvægisáðgerðum eða uppbótarráðstöfunum er beitt í reynd.

*12. gr.*

### **Tilnefning lögbærra yfirvalda**

1. Lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækis sem rekur DFT-markaðstorg fjármálagerninga eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi skal vera það lögbæra yfirvald sem aðildarríkið tilnefnir, í samræmi við ii. og iii. lið a-liðar 55. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. Lögbært yfirvald rekstraraðila markaðar sem rekur DFT-markaðstorg fjármálagerninga eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi skal vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skráð skrifstofa rekstraraðilans sem rekur DFT-markaðstorg fjármálagerninga eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi er staðsett eða, ef rekstraraðilinn hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við lög þess aðildarríkis, aðildarríki þar sem aðalskrifstofa rekstraraðilans sem rekur DFT-markaðstorg fjármálagerninga eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi er staðsett.

3. Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvar sem rekur DFT-uppgjörskerfi eða DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi skal vera lögbæra yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir og er það ákveðið í samræmi við 23. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

*13. gr.*

### **Tilkynning um lögbær yfirvöld**

Aðildarríkin skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni um öll lögbær yfirvöld í skilningi c-liðar 21. liðar 2. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal birta lista yfir þessi yfirvöld á vefsetri sínu.

*14. gr.*

### **Skýrsla og endurskoðun**

1. Eigi síðar en 24. mars 2026 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um:

- a) starfsemi DFT-markaðsinnviða í gervöllu Sambandinu,
- b) fjölda DFT-markaðsinnviða,
- c) gerðir undanþága sem DFT-markaðsinnviðir sækja um og gerðir undanþága sem veittar eru,
- d) fjölda og virði DFT-fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta og skráðir hjá DFT-markaðsinnviðum,
- e) fjölda og virði viðskipta sem viðskipti voru með eða gerð voru upp hjá DFT-markaðsinnviðum,
- f) gerðir dreifðrar færsluskrártækni sem eru notaðar og tæknileg vandamál sem varða notkun á dreifðri færsluskrártækni, þ.m.t. þau atriði sem talin eru upp í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr. og áhrif notkunar á dreifðri færsluskrártækni á stefnumarkmið Sambandsins í loftslagsmálum,
- g) þær verklagsreglur sem rekstraraðilar DFT-uppgjörkerfis eða DFT-viðskipta- og uppgjörkerfis hafa komið á í samræmi við b-lið 3. mgr. 5. gr.,
- h) hvers kyns áhættu, veikleika eða óskilvirkni sem stafar af notkun dreifðrar færsluskrártækni fyrir fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika, þ.m.t. allar nýjar gerðir lagalegrar, kerfislegrar og rekstrarlegrar áhættu sem löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu tekur ekki nægjanlega á, og hvers kyns önnur ótilætluð áhrif á seljanleika, óstöðugleika, fjárfestavernd, heilleika markaðar eða fjármálastöðugleika,
- i) hvers kyns áhættu vegna eftirlitshögnunar eða atriða sem hafa áhrif á jöfn samkeppnisskilyrði á milli DFT-markaðsinnviða sem falla undir tilraunaregluverkið sem kveðið er á um í þessari reglugerð og á milli DFT-markaðsinnviða og annarra markaðsinnviða sem nota fornkerfi,
- j) hvers kyns vandamál sem varða rekstrarsamhæfi milli markaðsinnviða og annarra innviða sem nota fornkerfi,
- k) hvers kyns ávinning og kostnað sem leiðir af notkun dreifðrar færsluskrártækni með tilliti til aukins seljanleika og fjármögnunar fyrir sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, umbótum í öryggi og skilvirkni, orkunotkun og áhættumildun í allri viðskipta- og eftirviðskiptakeðjunni, þ.m.t. að því er varðar skráningu og vörslu DFT-fjármálagerninga, rekjanleika viðskipta og aukna fylgni við ferli fyrir „þekktu viðskiptamann þinn“ og baráttu gegn peningaþvætti, fyrirtækjaaðgerðir og beina nýtingu réttinda fjárfesta með snjallsamningum og skýrslugjöf og eftirlitshlutverk gagnvart DFT-markaðsinnviðum,
- l) hvers kyns synjanir um að veita sértæk leyfi eða undanþágur, hvers kyns breytingar eða afturkallanir á slíkum sértækum leyfum eða undanþágum, sem og hvers kyns mótvægisáðgerðir eða aðrar ráðstafanir til úrbóta,



- m) hvers kyns stöðvun viðskipta hjá DFT-markaðsinnviðum og ástæðurnar fyrir þeirri stöðvun viðskipta,
- n) hversu viðeigandi þau viðmiðunarmörk sem um getur í 3. gr. og 8. mgr. 5. gr. eru, þ.m.t. hugsanlegar afleiðingar af hækkun þessara viðmiðunarmarka, einkum með tilliti til kerfislegra sjónarmiða og mismunandi gerða dreifðrar færsluskrártækni og
- o) heildarmat á kostnaði og ávinningi af tilraunaregluverkinu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og tilmæli um hvort og við hvaða aðstæður eigi að halda þessu tilraunaregluverki áfram.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 1. mgr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið innan þriggja mánaða frá móttöku skýrslunnar. Í skýrslunni skulu koma fram kostnaðar- og ábatagreining á því hvort tilraunaregluverkið sem kveðið er á um í þessari reglugerð skuli:

- a) framlengt um allt að þrjú ár til viðbótar,
- b) víkkað út svo það nái til annarra gerða fjármálagerna sem hægt er að gefa út, skrá, yfirfæra eða geyma með dreifðri færsluskrártækni,
- c) breytt,
- d) gert varanlegt með viðeigandi breytingum á viðkomandi löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu, eða
- e) fellt úr gildi, að meðtöldum öllum sértækum leyfum sem veitt hafa verið samkvæmt þessari reglugerð.

Í skýrslu sinni getur framkvæmdastjórnin lagt til viðeigandi breytingar á löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu eða hvers konar samræmingu á landslögum sem myndi greiða fyrir notkun á dreifðri færsluskrártækni í fjármálageiranum, sem og ráðstafanir sem þarf til að umbreyta DFT-markaðsinnviðum frá tilraunaregluverkinu sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

Ef þetta tilraunaregluverk er framlengt lengur, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein a-liðar þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin biðja Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að leggja fram viðbótarskýrslu í samræmi við 1. mgr., eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok framlengingartímabilsins. Við móttöku skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin leggja viðbótarskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við þessa málsgrein.

*15. gr.*

#### **Bráðabirgðaskýrslur**

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta árlegar bráðabirgðaskýrslur í því skyni að veita markaðsaðilum upplýsingar um starfsemi markaðanna, til að taka á rangri hegðun rekstraraðila DFT-markaðsinnviða, til að veita nánari útlistun á beitingu þessarar reglugerðar og til að uppfæra fyrri upplýsingar á grundvelli þróunar dreifðrar færsluskrártækni. Í þessum skýrslum skal einnig koma fram heildstæð lýsing á beitingu tilraunaregluversins sem kveðið er á um í þessari reglugerð, með áherslu á leitni og aðsteðjandi hættur, og skulu þær lagðar fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina. Fyrstu skýrsluna skal gefa út eigi síðar en 24. mars 2024.

*16. gr.*

#### **Breyting á reglugerð (ESB) nr. 600/2014**

Í stað fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 kemur eftirfarandi:

„Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að engin þörf sé á að undanskilja afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi frá gildissviði 35. og 36. gr. í samræmi við 12. mgr. 52. gr. getur miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur sótt um leyfi til lögbærs yfirvalds síns um að nýta sér umbreytingarfyrirkomulagið fyrir 22. júní 2022. Lögbært yfirvald getur ákveðið, að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem steðjar að skipulegri starfsemi viðkomandi miðlægs mótaðila eða viðskiptavettvangs og stafar af beitingu aðgangsréttar skv. 35. eða 36. gr. að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, að 35. eða 36. gr. gildi ekki um viðkomandi miðlægan mótaðila eða viðskiptavettvang að því er varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, á umbreytingartímabili fram til 3. júlí 2023. Ákveði lögbært yfirvald að samþykka slíkt umbreytingartímabil skal miðlægi mótaðilinn eða viðskiptavettvangurinn ekki njóta ávinnings af aðgangsréttinum skv. 35. gr. eða 36. gr. að því er

varðar afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi meðan á umbreytingartímabilinu stendur. Lögbært yfirvald skal gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og, sé um að ræða miðlægan mótaðila, fagraði lögbærra yfirvalda fyrir þann miðlægan mótaðila viðvart í hvert skipti sem umbreytingartímabil er samþykkt.“

17. gr.

#### Breyting á reglugerð (ESB) nr. 909/2014

Í stað fyrstu undirgreinar í 5. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 kemur eftirfarandi:

„Sérhver sú ráðstöfun til að bæta aga í uppgjöri sem um getur í 1.–4. mgr. 7. gr., skal koma til framkvæmda frá og með þeim framkvæmdardegi sem er tilgreindur fyrir sérhverja ráðstöfun til að bæta aga í uppgjöri í framseldu gerðinni sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 15. mgr. 7. gr.“

18. gr.

#### Breytingar á tilskipun 2014/65/ESB

Tilskipun 2014/65/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 15. liðar 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„15) „fjármálagerningur“: þeir gerningar sem tilgreindir eru í C-þætti I. viðauka, þ.m.t. slíkir gerningar sem gefnir eru út með dreifðri færsluskrártækni,“.

2) Í 93. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„3a. „Aðildarríki skulu eigi síðar en 23. mars 2023 samþykkja og birta ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að 15. lið 1. mgr. 4. gr. og senda þau til framkvæmdastjórnarinnar. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 23. mars 2023.“

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu aðildarríki, sem geta ekki samþykkt nauðsynleg ákvæði til að fara að 15. lið 1. mgr. 4. gr. fyrir 23. mars 2023 vegna þess að lagasetningarmeðferð þeirra er lengri en níu mánuðir, fá framlengingu um að hámarki sex mánuði frá 23. mars 2023, að því tilskildu að þau tilkynni framkvæmdastjórninni um nauðsyn þess að nýta þá framlengingu fyrir 23. mars 2023.“

19. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 23. mars 2023, að undanskildum eftirfarandi:
  - a) ákvæðum 8. gr. (5. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 10. gr. (6. mgr.) og 17. gr. sem koma til framkvæmda frá og með 22. júní 2022 og
  - b) ákvæðum 16. gr. sem koma til framkvæmda frá og með 4. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2022.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. Metsola

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. Le Maire

*forseti.*